

Aðalskráning fornleifa á Kirkjubæjarklaustri



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir
Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson



FS470-11041
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík
2012

Forsíðumyndin er af Kirkjubæ SF-116:001

© Fornleifastofnun Íslands 2012

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	6
3. Fornleifaskrá	8
4. Niðurstöður	42
<i>Bæjarhólar, bæjarstæði og býli</i>	44
<i>Kirkjur, klaustur og legstaðir</i>	45
<i>Minjar innan og nærri heimatúni</i>	46
<i>Mannvirki í úthögum tengd sauðfjárrækt</i>	47
<i>Samgönguminjar</i>	48
<i>Aðrar minjar</i>	49
5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	50
6. Heimildir	52
7. Hnitaskrá í ISN93	55
8. Minjakort.....	56

1. Inngangur

Síðla vetrar 2011 gerðu Fornleifastofnun Íslands ses og Skaftárhreppur samning um aðalskráningu minjastaða á þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri og næsta nágrenni. Skráningarsvæðið var takmarkað við afmörkun þéttbýlisins samkvæmt aðalskipulagi 2002-2014. Af þeim sökum voru ekki allar fornleifar í landi Kirkjubæjarklausturs skráðar heldur einungis þær sem voru í eða við þéttbýlið.¹ Ákveðið var að skrá alla þá minjastaði sem sýndir eru á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 og túnakorti frá 1920, þó að sumir þeirra væru utan hins eiginlega úttektarsvæðis. Sömuleiðis voru skráðar fornleifar í nágrenni tjaldstæðisins á Kleifum í landi Merkur SF-115 og útivistarsvæði á Stjórnarsandi sem sýnd eru á aðalskipulagi 2002-2014. Samtals voru skráðar 65 minjastaðir.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt eins og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (3. kafli). Á undan minjaskrá jarðanna er annars vegar gert grein fyrir því hvenær þeirra var getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum, auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru, til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í fornleifaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Samantekt (4. kafli) á helstu minjaflokkum kemur þar á eftir og helstu niðurstöður skráningarinnar dregnar saman. Að lokum eru settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (5. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaðanna.

Við skráningu var farið á staðinn, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn var að finna og minjum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Um kortagerð sá Landnot ehf.

¹ Í landi Kirkjubæjarklausturs er Klausturheiði óskráð og svæðið vestan Systrastapa. Þekktir eru 14 minjastaðir á því svæði. Aðeins er búið að skrá svæðið við Kleifar í landi Merkur og vitað um 43 minjastaði til viðbótar. Gera má ráð fyrir að fleiri staðir bætist við þegar farið er á vettvang.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristborg Þórsdóttir unnu vettvangsskráningu í júlilok og byrjun ágúst mánaðar árið 2011. Áður hafði Stefán Ólafsson skráð kirkjuna og klaustrið.² Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur.

² Stefán er einnig starfsmaður Fornleifastofnunar Íslands. Verkefnið var hluti af Kirkju- og bænhúsaskráningu á Suður- og Austurlandi sumarið 2004 sem Orri Vésteinsson.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.“

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-116:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur sjálf fornleifaskráin þar sem upplýsingar er að finna um allar þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“



Mynd 1 Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Sökum þess að aðeins var skráður hluti af fornleifum á jörðinni Kirkjubæjarklausturi vantar númer inn í fornleifaskrána sem eru á fornleifum utan skráningarsvæðisins sem vonandi verða skráðar á næstu árum ásamt öðrum fornleifum í hreppnum. Hið sama er að segja um stærstan hluta fornleifa í landi Merkur.

SF-115 Mörk

1847: 12 hdr. Kirkjubæjarklausturseign. JJ,7.

1343: Máldagi Kirkjubæjarklausturs. "Stadur j kirkiubæ ä heimaland allt. Dali. Ij. Mau[r]tungu. Geirland. Mork. Ytrabæ. Heidi. Tungu [...]" DI, II, 781; " j mork. Cc." DI, II, 782." DI, II, 782.

1397: Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi. " CCXCVII. Maldagi kirkivbæiarklausturs. [...] J mork ij vetter siors oc c." DI, IV, 239.

Mörk (Neðri-Mörk): "Merkurland er milli Geirlands og Kirkjubæjarklausturs [...] Á jörðinni hafa oftast verið tveir eða þrjár bændur og tvö heimili." Segir í SB VI, 146.

Blesahraun (Efri-Mörk): "Fyrst mun vitað með vissu um ábúanda í Blesahrauni um aldamótin 1800 en jörðin hafði efri hluta Merkurlands." Segir í SB VI, 145.

1343: Máldagi Kirkjubæjarklausturs. " Stadur i kirkiubæ ä heimaland allt. [...] Mork. [...] J mork .cc. " DI, VIII, 5-6.

1702: Landskuld 1c 10 álnir. Hún af sér gengin af maðkormi í fyrra að túnnum. Fékk mikið áfall í vetur af vindi og sandi. Engjar líka af sér gengnar af vatni." JÁM, XIII, 444.

Túnakort 1920: Tún 4 ha. Matjurtagarðar 1240 m²

Mörk (Neðri-Mörk): "Vesturhlutinn er grösugt heiðarland og var þar áður býlið Bleshraun (Efri-Mörk). Merkurbærinn stendur á sléttlendi austan undir heiðarbrúninni. Þar rétt norðan við Stjórn eru Kleifar sem var forn þingstaður Kleifahrepps og aftur þingstaður Kirkjubæjarhrepps til ársins 1916. Silungsveiði er í Stjórn." Segir í SB VI, 146.

Bleshraun (Efri-Mörk): "Er það allt grösugt heiðarland sem liggur norðan við Stjórn inn undir Eintúnaháls. Stóð bærinn skammt frá Stjórn drjúgan spöl frá Merkurklifi þar sem gatan lá upp á heiðina." Segir í SB VI, 145.

Neðri-Mörk. "Hún er heyskaparjörð góð, en örðug og hefur vonda vetrarhaga."; Efri-Mörk. "[...] sæmileg jörð til slægna og hafa." SS, 189.

SF-115:010 *Þinghústún* örnefni þingstaður

63°48.116N 18°03.593V

"Þá verður haldið út að Stjórn og greint frá örnefnum eftir. Rétt innan við Stjórn, ofan vegar, er Þinghústún og innan við það lækur, sem heitir Strákalækur," segir í Örnefnaskrá Neðrimerkur. Á bakhlið landakortsins, Kirkjubæjarklaustur 2004-2005, sem gefið er út fyrir ferðamenn segir: "Kleifar er forn þingstaður við ána Stjórn, við Geirlandsveg, þar er nú tjaldsvæði og íþróttavöllur Skaftárhrepps,". Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1983 segir: "Norðan við Stjórn gengur brattur rani fram á láglandið [...] Hjá þeim [Kleifum] var þingstaður hreppsins frá fornu fari [...] Síðast var þingað þar árið 1916. Nokkur örnefni eru þarna sem minna á þinghaldið," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Þingstaðurinn er í Þinghústúni, um 90 m vestan við Stúkuhús 016 og um 125 m norðaustan við Gálgasteina 018.

Þingstaðurinn er í sléttuðu túni norðan undir háum klettavegg. Norðan við túnið er slétt eyri þar sem er timburrétt. Strákalækur rennur norðan við eyrina.

Túnið er slétt og flatlent en því hallar lítillega til austurs. Ekki sést til minja á túninu vegna sléttunar. Ekki er ólíklegt að minjar leynist undir sverði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Neðrimörk, 2; Kirkjubæjarklaustur 2004-2005; FÍ 1983, 66



Mynd 2 Merkurklif horft til austurs.

SF-115:011 *Merkurklif* gata leið

"Rétt innan við Stjórn, ofan vegar, er Þinghústún og innan við það lækur, sem heitir Strákalækur. Hann fellur í fossi ofan af fjallsbrún og rennur í Stjórn. Vegurinn upp með honum og áfram upp í heiði liggur upp svonefnt Klif, og er hann nefndur Klifgata," segir í Örnefnaskrá Neðrimerkur. "Hér heitir Merkurklif eða klif og upp það liggur göngu- og reiðgata upp á heiðina. Leið lá fyrrum upp Klifið og vestur heiðarnar, til Út-Síðunnar og áfram út Skaftártungu," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1983. Leiðin liggur til vesturs upp skarð, eða klif, í gegn hjá Bleshrauni 036 og áfram yfir heiðar að sögn Júlíusar Oddssonar, heimildamanns. Leiðin var m.a. notuð til fjárrekstra og flutninga á heybandi. Hún sést liggja til vesturs frá Stúkuhúsi 016, hlykkjast með læknum og upp klifið.

Klifið er grasivaxið með klettum og smágrýti til vesturs (efst). Lækur rennur til austurs eftir klifinu og liggur leiðin sunnan hans.

Leiðin liggur sem fyrr segir til vesturs frá Stúkuhúsi 016 og er þar komin í slétt, grasivaxin tún. Leiðin sést í brekku sem hallar til austurs, niður klifið, á tæplega 250 m löngum kafla Þar

hlykkjast hún meðfram gili Strákalækjar og upp á milli kletta efst. Leiðin er grasivaxin, 2 m á breidd og slétt. Það sjást 1-2 grasivaxnir paldrar en annars er leiðin fremur grýtt.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Neðrimörk, bls. 2; ÁFÍ 1983, 66

SF-115:013 hleðsla rétt

63°48.103N 18°03.554V

"Tindbrekka heitir upp af fjárhúsum (byggð á 20. öld), sem eru í Þinghústúni, niður af Tindi, sem verður nánar getið síðar. Henni lýkur við rétt, sem var neðan undir klettinum. Var sagt, að réttin væri "undir Tindinum".



Mynd 3 Fjánhúsið, horft til ASA.

Leifar sjást af henni," segir í Örnefnaskrá Neðrimerkur. Á þessum stað voru fjárhús sem notuð voru fram til 1950 að sögn Júlíusar Oddssonar, heimildamanns. Bárujárnsþak var á þeim og sjást festingar þaksins ennþá um 3 m uppi í klettavegg Tindsins. Fjánhúsin eru tæpa 300 m NNV við Kálfagróf 116:054 og 1,3 km NNV við Kirkjubæ 116:001.

Fjánhúsin eru í gróinni brekku, svokölluðu Merkurklifi (sjá 011). Til norðurs frá fjárhúsunum er brött brekka sem hallar niður að Strákalæk.

Fjánhúsin eru 14x3 m að stærð og snúa VSV-ANA. Til suðurs afmarkar fyrrnefndur Tindur fjárhúsin en aðrar hliðar eru grjóthlaðnar. Inngangur var á miðri norðurhlið að sögn Júlíusar en hann nú horfinn og grjót líklega borið þaðan. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim. Þar sem vantar hluta af norðurhlið afmarkar skán og mold fjárhúsið og lögum þess greinileg. Ekki er vitað hvenær fjárhúsin voru rifin.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Neðrimörk, bls. 2

SF-115:014 tóft óþekkt

63°48.096N 18°03.466V

Hóll með tóft ofaná er um 100 m ASA við Þinghústún 010. Samkvæmt Júlíusi Oddssyni, heimildamanni, er hóllinn álagahóll. Sögn er um að Fossbærinn á Síðu hafi virst standa í björtu báli þegar grafið var í hóllinn en þegar að var gáð var enginn eldur þar.



Mynd 4 Tóftin horft til austurs.

Hóllinn er austan undir bergstapa, fast vestan við veg sem liggur frá Kirkjubæjarklaustri að Mörk og Geirlandi. Tjaldstæði er á áreyrum Stjórnar til suðurs.

Hóllinn er grasi gróinn. Þverhnipt er niður á áreyrar til austurs. Hóllinn er um 10x10 m að stærð og nokkuð flatur að ofan þar sem tóftin er. Tóftin virðist vera einföld, um 4x4 m að stærð. Óljóst op er í suðausturhorni tóftarinnar. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóftin er gróin og ekki sést í hleðslur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Ekki sjást skýr ummerki um að grafið hafi verið í hóllinn.

Hættumat: engin hætta

SF-115:016 Stúkuhús hleðsla þingstaður

63°48.119N 18°03.484V

"Stúkuhús stóð, þar sem fjárhús eru nú á Þinghústúni." segir í Örnefnaskrá Neðrimerkur. Í bókinni Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga I er fjallað um Stúkuhúsið. Þar segir í myndatexta á bls. 213: "Skömmu eftir aldamót [20. aldar] urðu Kleifar hins vegar þingstaður á ný en þá hafði stúkan Aldamót komið þar upp fundarhúsi, sem notað var til þinghalds og ýmissa fundahalda. Síðast var þingað á Kleifum árið 1916 en árið eftir var stúkuhúsið rífið og byggt úr timbrinu skólahús á Kirkjubæjarklaustri". Á myndinni er ljósmynd af Merkurklifi og innfelld teikning byggð á frumriti Einars Runólfssonar frá Mörk af stúkuhúsinu. Af henni má draga þá ályktun að húsið sé úr tórfi og grjóti, op til vesturs og gluggi á norðurhlíð. Stúkuhúsið var byggt um 1900 að sögn Júlíusar Oddssonar, heimildamanns. Stúkuhúsið var rúmum 60 m vestan við fjárhús 013 og 1,3 km NNV við Kirkjubæ 116:001. Stúkuhúsið er horfið, fjárhús voru reist á grunni þess eftir að það féll úr notkun. Þau standa enn. Grasivaxið og slétt tún er allt umhverfis fjárhúsin.

Það eina sem eftir er af Stúkuhúsinu er hleðsla í suðurvegg fjárhússins. Hleðslan er 2 m há, 10 m löng og sjö umfór af hleðslugrjóti sjást í þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Neðrimörk, bls. 2; Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga I, 213

SF-115:018 Gálgasteinar heimild um aftökustað

63°48.081N 18°03.723V

"Uppi í Kleifunum innan megin eru tveir stórir steinar, sem nefnast Gálgasteinar, með bili á milli. Þar á að hafa verið aftökustaður," segir í Örnefnaskrá Neðrimerkur. "Þinghústún eru niður af Kleifum og uppi í þeim svokallaðir Gálgasteinar. Þar segir sagan að verið hafi aftökustaður fyrrum," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1983. Gálgasteinar eru um 125 m suðvestan við Þinghústún 010, ofarlega í Merkurklifi 011.



Mynd 5 Gálgaklettur horft til vesturs

Gálgasteinar eru austan undir vesturbrún Merkurklifs, í grasi grónu gili. Lækjarspræna rennur neðan (austan) við þá. Girðing er ofan á nyrðri klettinum sem liggur austur-vestur.


Gálgasteinar eru tvö gríðarstór björg sem eru 8-10 m á hæð. Á milli þeirra er um 3 m breitt skarð og brött grjótskriða er í skarðinu sem hallar til austurs. Ekki sést til fornleifa á þessum stað.

Gálgasteinar eru tvö gríðarstór björg sem eru 8-10 m á hæð. Á milli þeirra er um 3 m breitt skarð og brött grjótskriða er í skarðinu sem hallar til austurs. Ekki sést til fornleifa á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Neðrimörk, 2; ÁFÍ 1983, 66

SF-116 Kirkjubæjarklaustur



1847: 12 hdr.Kirkjustaður. JJ, 7.

Í Landnámu segir: Ketill bjó í Kirkjubæ; þar höfðu áðr setit papar, ok eigi máttu þar heiðnir menn búa." ÍF, I, 325; Einnig segir: "Hildir vildi færa bú sitt í Kirkjubæ eptir Ketil ok hugði, at þar mundi heiðinn maðr mega búa. En er hann kom nær at túngarði, varð hann bráðdauðr; þar liggir hann í Hidlishaugi." ÍF, I, 326.

Í Njálu segir: "Þaðan fóru þeir vestr til Skógahverfis ok gistu í Kirkjubæ. Þar bjó Surtr Ásbjarnarson, Þorsteinssonar, Ketilssonar ins fíflska." ÍF, XII, 259. "Flosi reið þar til er hann kom í Kirkjubæ til Surts Ásbjarnarsonar." ÍF, XII, 288; "Flosi mælti: „Nú vil ek nefna mína gerðarmenn. Nefni ek fyrstan Hall ok Özur frá Breiðá, Surt Ásbjarnarson ór Kirkjubæ, [...]". ÍF XII, 310; " Þeir riðu vestr til Skógarhverfis ok kómu í Kirkjubæ, ok bað Flosi alla menn koma til kirkju og biðjazk fyrir; [...] ". ÍF XII, 322.

1193: "Dætur Þorláks voru þær Ásbjörg nunna, móðir Árna biskups hins síðara og Agötu abbadísar, Þorgerður og Guðrún systur í Kirkjubæ." Prestasaga Guðmundar Arasonar. Sturlunga saga I, 173.

1195: "Nú er það að segja frá Guðmundi presti Arasyni að þá er hann hafði verið á Völlum nokkura vetur og Arnþrúður húsfreyja var komin til Sökku í Svarfaðardal og synir hennar, Brandur og Klængur, þá var það eitt sumar á þingi að Halldóra abbadís Eyjólfsdóttir úr Kirkjubæ bauð Guðmundi presti að hann skyldi ráðast austur þannig til forustu með henni og játti hann því [...]. " Prestasaga Guðmundar Arasonar, Sturlunga saga I. 173.

1247: "Þá bjó Digur-Helgi í Kirkjubæ. Hann átti Arnfríði dóttur Þorsteins bónda frá Hofi." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 550.

1249: "Eftir um vorið fer Sæmundur stefnuför í Kirkjubæ og stefnir hann Ögmundi um það að hann þóttist eigi ná réttu af honum." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 552; " Nú riður Sæmundur heim til Svínafells með konu sína. Og þegar hann kemur heim býr hann til veislu og býður þangað Guðmundi bróður sínum úr Kirkjubæ. [...] En er slitið var veislunni reið Guðmundur heim í Kirkjubæ og af Sæmundur honum einn hest. Nú er hann í Kirkjubæ það er eftir var sumars." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 553.

1250: "Eftir jól um veturinn dregur Sæmundur að sér lið. Hann fékk nær átta tigi manna og fer við þetta lið í

Kirkjubæ."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 554; "Og er mjög var ljóst orðið komu í Kirkjubæ nær átta tigur manna til móts við Ögmund."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 556; "Og er þeir Ormssynir spyrja þetta, brottreið Ögmundur, þá sendir Sæmundur mann í Kirkjubæ og bað bændur ríða til móts við sig."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 557; " En um vorið eftir fardaga ríður hann suður um Kjöl og vill þó eigi ríða heim í Kirkjubæ."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 557; "En Sæmundur ríður í Kirkjubæ og háði fêransdóma eftir Ögmund."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 558.

1251: "Ríður ábóti heim eftir það og kemur í Kirkjubæ og segir Steinunni systur sinni að Sæmundur hafði heitið honum að sættast við Ögmund." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 558-559; "Svo bar að að Sæmundur reið þann vetur í Kirkjubæ eftir sættina og var með honum Þorsteinn Skeggja son og fáir menn aðrir."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 559.

1252: "Það varð til tíðinda um veturinn á langaföstu í Kirkjubæ."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 560; "Spurðist um kveldið þegar í Kirkjubæ að þeir Ormssynir voru um nóttina á Hörgslandi." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 561; "Ríðu síðan sem leið liggur til Kirkjubæjar og að því siki sem leiðin liggur yfir fyrir ofan Kirkjubæ og skammt frá þeim hvammi er þeir Ögmundur sátu í."Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 561; "Þá ber Ögmundur hann inn í stofu og bindur um höndina og ríður eftir það heim í Kirkjubæ." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 565; "Þá sendi Ögmundur menn eftir Brandi ábóta og reið hann skjótlega í Kirkjubæ. [...] En í Kirkjubæ fór Arnór prestur, er kallaður var skull, að ráði Brands ábóta." Svínfellinga saga, Sturlunga saga II, 566.

1248-1252:"En þaðan frá er Þorlákur fór frá Rauðalæk gerði hann sig léttan við alþýðu og átti hann alþýðlega gleði. Hélt því fram til þess er hann var í Skál. Þá fór hann til skinnleiks í Kirkjubæ með öðrum mönnum og í þeim sama leik rak hann niður annað kné á arinhellu þar í stofunni svo að sprakk mjög." Árna saga biskups. Sturlunga saga II, 772.

1273: "Var Þórunn gift öðrum manni þeim er Sigmundur hét og var son Ögmundar sonur Digur-Helga er bjó í Kirkjubæ."Árna saga biskups. Sturlunga saga II, 788.

1280: "Hann [Ásgrímur Þorsteinsson] átti Guðnýju dóttur Mána úr Gnúpufelli. Þau áttu þessi börn: Eyjólf er átti Guðrúnu dóttur Garðs úr Austfjörðum, Máni er fékk [...] dóttur Páls af Hvalsnesi með meinum og var um það hríð [...] Jón og Þorsteinn er vígslur tók af Árna biskupi [...] Dóttur síra Orms Ögmundarsonar á Kirkjubæ [...] ." Árna saga biskups. Sturlunga saga II, 809.

1282: "Herra Runólfur ábóti ritaði og til biskups hver orð herra Ásgrímur talaði á þingi í Kirkjubæ og svo hvað þeir töluðu með sér að Ásgrími þótti mikið að missa vináttu biskups [...]" Árna saga biskups. Sturlunga saga II, 821.

Um 1200: Ská Páls Jónssonar biskups um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, sem presta þarf til að að fá. "Þá er Kirkjubær á Síðu." DI, XII, 5

1282: "" herra Runolfr abote ritade oc til biskups hver ord asgrimr talade a þingi j kirkiobæ." DI, II, 238.

1343: Máldagi Kirkjubæjarklausturs. "Stadur j kirkiubæ ä heimaland allt. Dali." DI, II, 781.

1343: Máldagi Kirkjubæjarklausturs á Síðu, [er Jón biskup setti Sigurðarson.] DI,VIII, 4-6.

Um 1360: Ábótatal á Íslandi. " Halldora eyiolfsdottir hefir verit abbadis fyrst aa jslandi hon var j kirkiubo ok agattha helgadottir." DI, III, 154.

1367: Máldagi Kristbúsins að Þverá á Síðu. " luka. IX. Aura voru til kirkiubæar arliga." DI, III, 244. 1382: Testamentisbréf Einars Eiríkssonar í Vatnsfirði. "Sakl sa madr sem kirkiunnar goz helldr lata gefua her firer aarliga aa minn aartidardagh faatekum monnum hundrat j koste ok lata segia saalumessv firer minne saal. [...] Til Kirkiubeiarklaustr. V. Hundrat."DI, XII, 1383:Testamentisbréf Einars Eiríkssonar í Vatnsfirði." Ek einaR eiRíksson gerir sua fellt testamentum sem her seger. [...] Til kirkiubæjarklaustrs. V. Hundrat." DI, III, 366.

1397: Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi. " CCXCVII. Maldagi kirkivbæiarklausturs. Suo mikinn skrveda ä kirkian j kirkivbæ. Iiij oc xx hoklar. [...] . CCXCVIII. Kirkjubær. "DI, IV, 238, 240.

Um 1430-1440: Testamentisbréf Margrétar Bjarnardóttur. " klaustrinu j kirkiubæ a sidu tíu hundrat." DI, IV, 435.

1440: "... Ath syster margret þorbergsdotter sagdi fram fyrer oss vpp a sinn full saninde ath hunn hefdi sagt fulla hlydne fru gudrumi abbadisi j kirkibæiar klaustur ordinis sancti benedicti skalhollzx biskupsdæmis" DI, IV, 604.

1440: " Þat giori ek sera amundi hallzson godum monnum vitrligt med þessu minu brefe at ek hefer enga peninga ut tekitt uegna klaustrsens i kirkvby af systur margretv þorbergsdottur sua ek mvni." DI, IV, 611.

1442: " Virdulegum herra oc vorum andalegum favdvr herra godsvin med gvds nád biskup j skalholti heilsvm vier halldora abbadis oc conventv systur allar ji kirkivbæiar klavstr ordinis sancti benedicti med vorri admivkri þionvstv oc bæn til gvds." DI, IV, 625.

1443: " ... Biodvm vj vorum Razmonnum j skaalholhti ogh svo j holvm ogh samaleidis abbadísi j kirkivbæiar klavstur vnder hlydne ath lvki aarlíga þan fyrgreindan stad hver fyr sagt þessi fyr greind hvndrvd til fyr greinz Reynenes klavsturs" DI, IV, 640.

1446: Testamentisbréf Þorvarðs Loptssonar á Möðruvöllum. " Jtem kirkubæiarklaustri. .u. C." DI, IV, 675.

1449: " Jtem er þar enn ein grein til sannrar audsyningar aa klavstursins vegna j Þyckuabæ. Ad það hefur sellt skips vppsaaatur klavstrinu j Kirkiubæ til æfinligrar eignar og hefðar og hefur haft auaallt ef þeir hafa skipti af." DI, IV, 763.

1471: " Þath giorum vid sira Sueirn Jonzson oc sira Gudni Biornzson godum monnum viturligt med þessu ocrú opnu brefe [...] Ad vid vorum j hia oc heyrðum ä a fostudagenn næsta firir Marteinzmesso um haustid j kirkiubæ ä sidu ad Ragneidur Eirekzdottir gaf iordena Raufarberg er liggur j Lomagnupskirkiusokn til klavstrenu j kirkiubæ til æfvenlegrar eignar [...] ." DI, V, 646.

1473: "Það giorum vid Sigmundur prestur Eisteinzson. Eirekur Biarnason. Eyolfur Gunnarson [...] Ad vier vorum j hia oc heyrðum a j storu stofunne j Skal undir fialle a Sidu ad Katrin Oladottir gaf klavstrenu j kirkiubæ a þriatijge hesta vid æfinlaga. Upp a huortt ar j Skalar jordu eptir sinn dag." DI, V, 697.

1483: " Vær brodir magnus med gudz nád biskup j schalholhti giorum godum monnum kunnigt med þessu woru opnu brefi. Ath uier haufum feingit og golldit klavstrinu j kirkiubæ þessar jardi er suo heita [...] ." DI, VI, 482.

1490: " [...] At ver voru i hia. Saum oc heyrðum aa ord oc handaband þessarra manna. Br[d]ur bardar me gu[ds nád] abota j þyckaby i alptaveri af einne halfu oc hans conventubrædra. Ok af annarre halfu sera sueins jonssonar er þa var radsmadur [i] kirkiubæ oc fru abbadisar ornyiar oc hennar conventu systra [...] At adrnefndur sera sveinn selldi adrgreindum herra abota bardi iordina eystri äasa halfa er liggur i skaptaar[tungu med] aullum þeim gognum oc gædum. Skogum oc rekum sem greindri jordu hefer fylgt at fornu oc nyiu oc kirkiubæiarklavstur vard fr[emst] eiganda at." DI, VI, 698.

1491: "Uær Stephanus med gudz nád biskup j skalholhte giorvm godvm monnm viturligt med þessv vorv opnv brefe. Ad vier hofvm sett og skipad vorn kiæra sn sira þorarinn oddzson vmbodzmenn og fvllmektugann radzmenn yfer klavstrinv og stadnm j kirkivbæ a Sijdv. [...] ." DI, VI, 766.

1494: "Anno domini M (c) d. Iiij. Reiknadizt suo mikid silfur kirkivbæiarklavsturs sem hier seigir." DI, VII, 232.

1528: Skrá um ítök klavstursins í Kirkjubæ á Síðu, [...] . "Jtem gaf sira gudmundur aarnason klavstrinu j kirkiubæ skipstaudu vm xij manude j ytzsta bælis jord." DI, IX, 470.

1529: "[..] vier j dom nefnder af ærligri personu sira þorleifi Eirikssyni. Ad dæma og skoda þa akæru sem herra augmund med gudz nád biskup j skalholhti kiærði til jon sygurdarsonar. Sem kendur er andresson. Og annara systkena hans. Fyrer þa sok at sira jon jonsson. Modurbroder þeirra hafdi uanrækt at sækia under domkirkiana j skalholhti þat stormæli sem tilfiell j kirkiubæiarklaustri a sidu." DI, IX, 481.

1540: Bréf til Halldóru Sigvaldadóttur abbadisar í Kirkjubæ frá Gissuri biskup í Skálholti, um útgerð manns til vertiðar vegna biskups. " Jtem sendt mier fra kyrkiubæ hest og smior a og eitt naut." DI, X, 562.

1542: Breff wmm Schola ä Klavstrum. Wij Christiann [met Gudtz naade. Dannmarkis Norgis Wenndis och Gottis koning. [...] Helsse ether oss elskelige Regelbunden mendt her Siguard abbett vdj Tyckebeuyer Cloester. Her Brander priier vdj Schredwfeldts cloester. Och Regelbunden Soster haldoro Abbedisse vdj Kirkebeuyer Cloester euindeligen met Gudt och woe naade. [...] Tha bede wij ether och wiille at huer ether retter seg effter att holle enn liidenn borneschole ther vdj huert Cloester att vptugtis och læris unge born theris abcd och anden bornelærdæm vdj." DI, XI, 177; Skrá um munka, klavsturmenn og presta í Skálholtsbiskupsdæmi. " J Kirkubæiar klavstri. Abbadis halldora, systir Gudrid. Systir Oddny. Systir arnleif. Systir astrid. Systir margriet. Systier Valgerd." DI, XI, 187.

1543: Bréf Gissuar biskup til Halldóru abbadisar í Kirkjubæ. "Klausan um kuinnu Bergs j brefi abbadisar. Kiæra systir. Heyri ec ad kuinna bergs ingemundarsonar skuli dualizt hafa og enn uera þar hia ydur. Enn fyrir þann skuld ad það er ecki skilnadar sauk uid hennar mann." DI, XI, 271.

1554: Veitingarbréf fyrir Kirkjubæjarklavstri. "Her Eynner Arnnessen fiich liige sliigt ett breff ad gratiam paa Kierbeye closter och skall aarliigenn giiffue ther aff. XI. Daller och thennom fornoyge ko. Maiestets befallingsmandt ther paa Jslandt till huer Sancti hanns dagh mitzommer." DI, XII, 684.

Um 1570 og síðar: Máldagar Gísla Jónssonar biskups. "CCCXXXV. Kirkian ad Kirkiubæarklavstre ä heimaland allt med gögnum og giædum." DI, XV, 704; "CCCLVIII. Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Stadur i

Kirkjubæ á heimaland allt." DI, XV, 713.

Kálund fjallar nokkuð um Kirkjubæjarklaustur. "Hálfrar mílu leið fyrir vestan Geirland, þar sem heiðin sveigir til vesturs, stendur bærinn Kirkjubær, venjulega kallaður Kirkjubæjarklaustur. Nú er þar sýslumannssetur héraðsins, en fram til siðskipta var þar Benediktunnuklaustur. [...] Allt frá fyrstu byggð í landinu er sérkennileg helgi tengd Kirkjubæ. Þar settist að kristinn landnámsmaður, Ketill, kominn frá Suðureyjum, og niðjar hans héldur allir kristna trú; enn fremur höfðu búið hér papar, [...]. Árið 1186 var stofnað í Kirkjubæ nunnuklaustur, svo sem fyrr var sagt, en þess gætti sennilega ekki mikið fyrr en nokkru síðar. Þannig er saga klaustursins næstum óþekkt alla 13.öld. [...] Um miðja 14. öld var brennd nunna í Kirkjubæ fyrir að hafa selt sig djöflinum o.s.frv. Þjóðsaga segir frá tveimur nunnum, og var önnur dæmd saklaus til dauða, en hin sek, og er bent á grafir þeirra uppi á Systrastapa. Systrastapi er stakur klettur um mílufjórðung fyrir vestan Kirkjubæ. [...] Við siðskiptin féllu eignir klaustursins undir konung, og síðan hefur konunglegur umboðsmaður stjórnað því. Um tíma var talið að klaustrið hafi staðið þar sem svokallað Kirkjugólf er, en sýnt var fram á að um náttúrusmið væri að ræða. Klaustrið og kirkjan munu hafa staðið nokkuð suðvestar en Kirkjugólfið [...] Um það bil þar sem heiðin sveigir til norðurs, þar sjást greinilega tóftir af hvoru tveggja og leifar af túngarði. Í upphafi þessarar aldar var klaustrið (þ.e. bærinn) fluttur vestar á núverandi stað, en kirkjan síðar til Prestbakka." KK, IV, 91. Kirkjubæjarklaustur: "Kirkjubæjarklaustur er landnámsjörð Ketils fíflska en áður höfðu papar búið þar. Land jarðarinnar liggur norðan Skaftár milli Stjórnar og Laxár. Vestan til er grösugt heiðarland en að austan liggur það austur á Stjórnarsand sem að mestu hefur nú verið að græddur upp. Nunnuklaustur var stofnað í Kirkjubæ 1186 og eftir siðaskiptin var þar áfram kirkja til 1859 þegar hún var flutt vegna sandfoks að Stjórnarsandi að Prestbakka. Nokkru áður hafði bærinn verið fluttur að sömu ástæðu vestur fyrir lækinn sem fellur úr Systravatni uppi á heiðarbrúninni niður Systrafoss. Jörðin sýslumannssetur flest árin 1837-1904." Segir í SB VI, bls. 148. Prestsetur á Kirkjubæjarklaustri: "Árið 1939 seldi Lárus Helgason á Kirkjubæjarklaustri Kirkjujarðasjóði Íslands hluta úr eignajörð sinni fyrir prestsbústað og fór afsalið fram 10. apríl 1940. Var síðan stofnað lögbýli fyrir prestsetur á Kirkjubæjarklaustri. Prestsetrið fékk 4.57 ha úr túni jarðarinnar Fossár ásamt einni dagsláttu af landi innan girðingar fyrir jarðeplagarð og rétt til slægna í fjallendi Kirkjubæjarklaustri fyrir 50 fjár og 3 hross og hagbeit fyrir gripatölu þessa í beitilandi jarðarinnar. Einnig fékk prestsetrið hagbeit fyrir þær kýr sem hið keypta, ræktaða land ber." Segir í SB VI, bls. 149.

Kirkjubær I: "Árið 1936 stofnaði Siggeir Lárusson nýbýli úr landi Kirkjubæjarklausturs og nefndi Kirkjubæ [...] Árið 1958 stofnaði Lárus Siggeirsson annað nýbýli, Kirkjubæ II, á hluta úr Kirkjubæjarklaustri og hefur búskapur verið rekinn í félagi á Kirkjubæ I og II síðan." Segir í SB VI, 150.

Kirkjubær II: "Árið 1958 stofnaði Lárus Siggeirsson nýbýli (Sjá Kirkjubæ I) og hafa nýbýlin bæði haft hluta jarðarinnar Kirkjubæjarklausturs. Er landinu skipt neðan fjallsins um gamla bæinn þannig að tún Kirkjubæjarklausturs eru þar vestan við en Kirkjubæjar I og II fyrir austan og uppi á heiðinni eru fjárhús og tún Kirkjubæjarklausturs sunnan við Systravatn en Kirkjubæjar fyrir norðan. Nokkuð af túnnum Kirkjubæjar er austur á Stjórnarsandi en ræktun þar er erfið þar sem áburður nýtist illa og grassprettu oft rýr." Segir í SB VI, 151.

"Sú jörð er ekki fjarska landrík, en heiðalönd hennar eru sér í lagi grasgefín, heyskapur mikill, en örðugur, áföll nokkur af skriðum og foksandi, og því er bærinn fyrir 20 árum síðan fluttur utar með fjallinu en áður var hann. Kirkjan er ennþá á sínum gamla stað, í ekki viðværigum sanddal." SS, 189.


SF-116:001 *Kirkjubæjarklaustur (elsta bæjarstæði)* bæjarhóll bústaður 63°47.407N 18°03.109V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1841 segir: "Aftur frá Neðri-Mörk [SF-115], til útsuðurs spölkorn, stendur Kirkjubær eða Kirkjubæjarklaustur framan undir fjalli. [...] og því er bærinn fyrir 20 árum síðan fluttur utar með fjallinu en áður var hann. Kirkjan [002] er ennþá á sínum gamla stað, í ekki viðværigum standdal." "Klaustrið [015] og kirkjan munu hafa staðið nokkuð suðvestar en Kirkjugólfið [010] [...] Um það bil þar sem heiðin sveigir til norðurs, þar sjást greinilega tóftir af hvoru tveggja og leifar af túngarði [009]. Í upphafi þessarar aldar [19. aldar] var klaustrið (þ.e. bærinn) fluttur vestar á núverandi stað [003], en kirkjan síðar til Prestbakka [SF-110:002]," segir í Íslenskum sögustöðum Kristians Kálunds. Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888 segir: "Áður stóð bærinn hér um bil 200 föðmum austar, og sér þar enn fyrir miklum húsagarði, húsatóftum og upphækkunum, sem skiftir mannhæðum; suður undan bænum stóð hin gamla Klausturkirkja." "Nokkru áður [en 1859 þegar kirkjan var færð] hafði bærinn verið fluttur að sömu ástæðu vestur fyrir lækinn sem fellur úr Systravatni [028] uppi á heiðarbrúninni niður Systrafoss. Jörðin sýslumannssetur flest árin 1837-1904," segir í Sunnlenskum byggðum VI. Gamla bæjarstæðið er friðlýst, og segir í Friðlýsingaskrá: "Kirkjubær. Rústir Kirkjubæjar, þar sem bærinn stóð áður. Sbr. Árb. 1894: 20. Skjal

undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931." Á Kirkjubæjarklaustri er þéttbýli í alfaraleið. Kirkjan er aflögð og bæjarstæði hefur verið fært líkt og fram kemur hér ofar. Bæjarhóllinn er lítið eitt NNV við gömlu kirkjutóftina sem er inni kirkjugarði, umkringdur steyptum veggjum. Tæpir 40 m eru á milli kirkjutóftarinnar og bæjarhólsins. Ekkert rask hefur átt sér stað á hólnum.

Bæjarhóllinn er girtur af og er innan grasivaxins túns. Það er sennilega slegið.

Meðfram öllum kirkjugarðsveggnum til NNV eru stórar hæðir sem tilheyra bæjarhólnum. Hann er samanlagt 80x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn sjálfur er 1-1,2 m á hæð en á honum sjást víða hleðslubrot, dældir og uppsöfnun mannvistar. Veggjabrotin eru milli 0,5-1,5 m á hæð og algróin. Stafnar bæjarins snéru til suðurs. Hólf 1 er norðaustast á bæjarhólnum. Það er 24x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Til norðurs afmarkast það af grasivöxnum bakka. Tvö op eru á suðurhlíð hólsins og það þriðja í norðausturhorni. Hólf 2 er suðvestan við hólf 1. Það er 3x2 m að innanmáli og opið til norðurs. Það snýr norðvestur-suðaustur. Til suðausturs frá austurvegg hólsins er 5 m langur og þýfður, brattur bakki. Hólf 3 er suðvestan við hólf 2. Það er



Mynd 6 Bæjarhóllinn horft til austurs, norðvesturs og suðausturs

8x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hvergi mótár fyrir opi inn í hólfíð. Hólf 4 er suðvestan við hólf 3, tæplega 8 m breiður jaðrvegsbálkur er á milli þeirra. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Einungis vesturveggurinn er varðveittur. Hólf 5 er suðvestan við hólf 4. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Einungis austurveggurinn er varðveittur. Óljóst mótár fyrir hólf 6, suðaustan við hólf 4. Þar er U-laga bakki sem afmarkar 4x3 m stórt svæði sem er opið til norðvesturs. Hólf 7 er suðaustan við hólf 1. Þar mótár óljóst fyrir 17x8 m stóru hólfí sem snýr norðaustur-suðvestur. Aðeins hluti af norðurvegg er greinilegur, annars eru þar brattir og grasivaxnir bakkar. Hvergi sést glitta í grjóti í bæjarhólum enda heimildir um mikið sandfok á svæðinu. Uppblásturinn hefur líklega aukið umfang bæjarhólsins og gert alla húsaskipan óljósa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: KK, IV, 91 og SB VI, bls. 148, Friðlýsingaskrá, Sýslu- og sóknarlýsingar Skaftafellssýslu, 189

SF-116:002 kirkjugarður kirkja

63°47.393N 18°03.078V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1841 segir: "[...] og því er bærinn fyrir 20 árum síðan fluttur utar með fjallinu [003] en áður var hann [001]. Kirkjan er ennþá á sínum gamla stað, í ekki viðværigum standdal." Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888 segir: "Áður stóð bærinn [001] hér um bil 200 föðmum austar, og sér þar enn fyrir miklum húsagarði, húsatóftum og upphækkunum, sem skiftir mannhæðum; suður undan bænum stóð hin gamla Klausturkirkja, sem flutt var og byggð að Prestbakka [SF-110:002] 1859; eru hér því mjög greinilegar tóftir eftir hana, og hefur hún verið einkar stór og breið. [...] Umhverfis kirkjutóftina sjást greinilega mörg leiði; þar eru og tveir legsteinar. Annar þeirra er fimmstrendr, 5 fet á lengd; stendr á honum með nokkuð máðu latínuletri: H. Hvíler, F. S. Kvinna. Sigrídur. Thormo: dó: 16 (23). Hinn steinninn er þrístrendr, 4 fet á lengd. Á báðum hliðarflötum er mád og breytt latínuletur, 3 línur hvorum megin, enn stryk milli lína og utan með. Á mjórri röð, sem upp snýr, er og ein lína. Ekki verður lesið á stein þennan, svo að samhengi fáiast, enn á öðrum enda hans standa stafirnir I H S. Þessi steinn er sjálfsgagt eldri en hinn. Báðir eru þeir úr stuðlabergi." "Í túninu austan við Fossá eru þrjú íbúðarhús. Vestast er hús frystihússtjórans, þar næst prestssetrið, svo læknisbústaðurinn og enn austar er Lárusarhús, þar býr Lárus, sonur Siggeirs Lárussonar. Austan við læknisbústaðinn, niðri í túni, má sjá hinn forna kirkjugarð, sem nú er steiptur garður kringum. Í kirkjugarðinum er meðal annarra leiða, legstaðir þeirra sr. Jóns Steingrímssonar og Lárusar Helgasonar og eru steinar á leiðum þeirra. (Yfir leiði Lárusar Helgasonar og k.h. Elínar Sigurðardóttur er gabbrósteinn frá Hvalnesi í Lóni) [...] Neðan undir klifinu [Kvennaklifi 014] er svo læknisbústaðurinn, klausturrústir [015] og kirkjugarður austanhallt," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Árið 1855 var Kirkjubæjarklausturkirkja flutt að Prestbakka [SF-110:002] samkvæmt Prestatali og Prófasta [stjórnarráðsbréf]. "...eftir siðaskiptin var þar áfram kirkja til 1859 þegar hún var flutt vegna sandfoks að Stjórnarsandi að Prestbakka," segir í Sunnlenskum byggðum VI. Kirkjan er tæpum 40 m SSA við bæ 001, innan kirkjugarðsveggja.



Mynd 7 Kirkjan horft til vesturs


Kirkjutóftin er inni í kirkjugarði og hefur minnismerki verið komið fyrir við austurenda tóftarinnar. Ekki lítur út fyrir það að tóftinni hafi nokkuð verið raskað.

"Wid Líka Greftrun fanst i Kijrkiubæjar Kyrkiu Garde kantadur Drángsteirn, sem nú liggur nedann undir Undirstokki, Nordannverdt vid Kyrkiudyr, Á honumm er ad finna þvílíka RúnaStafi, Eptir sem Nærst verður Komist: [teiknuð rúnaáletrun]. Enn það er Fleira má af þeim hafa verið Á þann Veg Steinsins, sem Stafirner eru í klappader, verður eij glöggvad, þar hlaúpid er úr Steininum. [aftmg. 4: Þessi rúnast. er nú týndur, og þessi skýrsla ásamt bréfi Aschlunds landmælingamanns sem prentað er á FF,112 eru einu heimildirnar um hann]," segir í Frásögnum af Fornaldarleifum. Í grein um rúnir sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 2000-2001 er fjallað um rúnasteininn sem fannst í kirkjugarðinum. Þar segir: "Legsteinsbrot með rúnum, nú týnt. [...]. Rúnirnar voru greinilega illa farnar, í teikningu Bergs eru aðeins tvö fyrstu orðin áreiðanleg: HÉR HVÍLIR [...] Nafn þess sem steininn átti gæti þó hafa verið Végeir. Sama ár skoðaði Aschlund landmælingamaður steininn við kirkjudyrnar:"en femkantet prismatic Runesteen der fór har været meget længere og paa hviss eene Side meget utydelig kan læses nede staaende Karaktere af hvilke jeg ikkuns i Runealphabetet kann kjende enkelte Runer, hvilket maaske tildeels kommer af de naturlige Ujevnheder i Stenen der foraarsage at den ikke nøiagtig kan Aftagnes."" Kapella var vígð á Kirkjubæjarklaustri árið 1974 í minningu Sr. Jóns Steingrímssonar, skammt austan við gömlu kirkjuna. Gamli kirkjugarðurinn er 45x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er girtur steinsteiptum vegg sem dálítið er farinn að láta á sjá. Op er á báðum langveggjum veggins. Tré eru í garðinum en ekkert er þó alveg í námunda við sjálfa kirkjutóftina sem er miðsvæðis í norðurhluta garðsins. Sjálf kirkjutóftin er 16x12 m að stærð, snýr austur-vestur og er frekar áberandi, sér í lagi austurendinn. Veggir kirkjunnar eru 0,6-1,2 m á hæð og grasivaxnir. Þeir eru lægri að utan, mögulega vegna uppsöfnunar jarðvegs af völdum uppblásturs. Op er á vesturvegg kirkjunnar en í austurenda er minnismerkið sem áður var minnst á. Enn er grafið í kirkjugarðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:FF, 95-6, Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 2, (PP, 44) stjórnarráðsbréf, SB VI, 148, Sýslu- og sóknarlýsingar Skaftafellssýslu, 189, Árbók hins íslenska fornleifafélags 2000-2001, 33

SF-116:003 *Kirkjubæjarklaustur (yngri bær)* bæjarstaði bústaður 63°47.191N 18°03.498V



Mynd 8 Bæjarstaðið horft til suðausturs

Bærinn á Kirkjubæjarklaustri stóð áður á öðrum stað (sjá 001). Í Íslenskum sögustöðum eftir Kristian Kálund segir: "Í upphafi þessarar aldar [19.aldar] var klaustrið (þ.e. bærinn) fluttur vestar á núverandi stað, en kirkjan síðar til Prestbakka [SF-110:002]. "Bærinn stendur undir Kirkjubæjarheiði," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Bærinn er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 sem og

túnakort frá 1920. Yngra bæjarstæðið er rúmum 500 m suðvestan við bæ 001 og rúma 160 m SSA við kálgarð 047. Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús, byggt um 1890 sem er enn í norkun.

Til NNV frá bæ 003 er malarplan en annars er gróinn bakgarður umhverfis húsið.

Á þessum stað er lítill bæjarhóll, enda búseta stutt þar. Hann er 25x15 m að stærð og snýr ANA-VSV. Eldri bæjarhús stóðu líklega á sama stað og núverandi hús en það er byggt um 1890 og telst því einnig til fornleifa. Tvær viðbyggingar voru byggðar við húsið á 20. öld. Sá hluti bæjarstæðisins sem ekki er undir byggingum, er 10x7 m að stærð og 1 m á hæð. Svæðið er slétt, grasivaxið og er hluti af grónum bakgarði. Þar stóð útikamar á fyrrihluta 20.aldar en öll ummerki hans nú horfin. Fyrir vestan bæ 003 er malarplan og allmörgum sinnum sett þar mól. Að sögn Elínar Friggjar Helgadóttur, heimildamanns hefur malarplanið hækkað um 1 m. Hleðslur (líklega útihús) komu þar í ljós þegar grafið var fyrir rafmagni á töluverðu dýpi. Það samræmist túnakortinu frá 1920.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:KK, IV, 91 og Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 1; Túnakort 1920; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna

SF-116:004 *Fornugarðar* heimild um bústað

63°47.733N 18°02.987V

Í greininni Kirkjubær og klaustur -umhverfi og mannvistarleifar- eftir þá Sigurjón P. Ísaksson og Þorgeir S. Helgason og birt var í bókinni Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellsþingi segir: „Sagnir eru um að Kirkjubær hafi í fornöld staðið austan undir Klausturfjalli, þar sem hétu Fornugarðar. Af heimild frá 1817 [í bókinni Frásögur um fornaldarleifar I] má ráða að Fornugarðar hafi verið í grennd við Kirkjugólfíð, líklega ofan við það." Í heimildinni frá 1817 sem vísað er til hér að framan segir: "...da Egnen deromkring [Kirkjugólfíð 010] endnu i Folkemunde kaldes Fornegårdur, vist nok har været i den gamle Klosterkirke." "Í upphafi er talið að bærinn hafi staðið uppi við fjallið þar sem nú heita Fornugarðar, upp og suður frá Hildishaugi," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1983. Fornugarðar voru að líkindum um 615 m norðan við bæ 001 og um 30 m vestan við sumarbústað.

Fornugarðar hafa líklega verið þar sem nú eru grónir sandbakkar austan undir Klausturfjall, nærri norðurenda þess. Sunnan við meint bæjarstæði er lækjarfarvegur sem er þurr og gróinn.

Sagnir um eldra bæjarstæði á Kirkjubæjarklaustri eru mjög óljósar. Við Fornugarða sjást ekki neinar býlisleifar á yfirborði en þær kunna að leynast undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:ÁFÍ 1983, 55; Af klaustrum og kennimönnum, 194; FF, 112

SF-116:005 *Hildishaugur* kuml legstaður

63°47.660N 18°02.660V

"Hildir vildi færa bú sitt í Kirkjubæ eptir Ketil ok hugði, at þar mundi heiðinn maðr mega búa. En er hann kom nær at túngarði, varð hann bráðdauðr; þar liggr hann í Hidlishaugi," segir í Landnámu. "Norðaustur þaðan [frá Kirkjugólfi 010] er grjóthóll, sem sagt er að sé Hildishaugur [023]. Sumir kunnugir telja, að svo sé ekki, heldur sé sá rétti Hildishaugur [sá sem hér er skráður] heldur vestar og sé uppblásinn [...]," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888 segir: "Eigi sést heldur Hildihaugur nú, sem Landn. getr um. Enn mjög gamall maður (c. 80 ára), sem nú er í Kirkjubæ, segir, að hann muni með vissu, að Hildishaugur hafi verið sýndr nokkru fyrir austan hinn forna bæ [004], enn haugurinn sé nú uppblásinn og kominn í sand. Hann kveðst ennfremur glögt muna, að innansveitarmenn hafi einu sinni grafið í hauginn, og hafi þá fundizt mannabein; og hann minnr að það hafi verið mjaðmaspaði; enn skömmu síðar hafi og fundizt spjótsoddr, blásinn upp úr greftrinum, enn eigi veit hann hvar hann er niðurkominn nú." Í Kumlum og haugfé segir: "Kirkjubær, Kirkjubæjarhreppur. Séra Bergur Jónsson á Prestsbakka segir í fornleifaskýrslu sinni frá 1817: "Skammt fyrir austan Kirkjubæ [...] tjáist að vera haugur Hildis, sonar Eysteins Hranasonar, Hildissonar paraks, sjá Landnáma sögu, Ivda parts Xita Cap.; hann kemur nú fyrir sjónir sem blásinn, ávalur og aflangur sandhóll. Í tali er, að tilraun gjörð hafi verið að uppgrafa haug þennan og hafi þá sýnzt bærinn, nefnilega Kirkjubær, í loga og jafnvel eld leggja upp eftir verkfærum þeirra, er að verkinu stóðu." Þjóðsagnablær er á þessari frásögn prests og þá ekki síður ummælum Jóns Ólafssonar frá Grunnavík er segir í riti sínu um fornmannahauga að kirkjuhurðarhringurinn í klaustrinu sé talinn tekinn úr Hildishaugi. Eigi að síður er rétt að gefa þessum haug gaum. Sigurður Vigfússon segir 1885 [Árbók frá 1888] að hann sé þá alveg blásinn, en gamall maður fullyrði að hann muni eftir honum fyrir austan hinn forna bæ. Brynjúlfur Jónsson kom að Kirkjubæ 1893, og segist hann hafa séð haugstæðið svo sem stekkarvegi austur af Kirkjubæ hinum forna. Enn sá

Jóhann Briem haugstæðið 1943 og lýsir því sem grjótdreif samanborinni, og lágu hrosstennur innan um. Telur hann þetta eflaust sama staðinn og hinir eldri menn lýsa. Ástæða er til að ætla að þarna hafi í raun og veru verið haugur, því að forngripir hafa komið þaðan til safnsins, þótt ekki sé mikið. Sigurður Vigfússon segir að hinn gamli maður, sem mundi hauginn, myndi einnig "glögg" að í hann hafi verið grafið og þá fundist mannabein, mjaðmarbein, að hann minnti. Einnig fann Brynjúlfur "afgamla beinflis" á haugstæðinu. Gripir sem kunnugt er um eru þessir: Skjaldarbóla segir Sigurður Guðmundsson að fundist hafi í Hildishaugi "fyrir nokkru síðan" (prentað 1868), lík skjaldarbólunni frá Baldursheimi, og eru raunar ekki aðrar heimildir um þennan grip, og ekki virðist hann hafa komið til safnsins. Enn segir Sigurður að í haugnum hafi fundist leirker. Það kveður Kálund "højst mistænkeligt", og er það ekki of mikið sagt. Einhvern tíma á 19. öld blés upp spjótsodd (Þjms. 2839) úr Hildishaugi og nokkru seinna brýnismyndaðan stein (Þjms. 3041). Spjótsoddurinn var um hálf alin að lengd þegar hann fannst og var svo vel varðveittur að hann var notaður til að bora göt á leirilát sem spengja átti, en nú er aðeins lítill stúfur af honum eftir. Steinninn er algjört náttúruverk, hefur verið hirtur vegna lögunar sinnar. Loks er að geta um hrosstennurnar sem Jóhann Briem fann." Meintur haugur er um 595 m norðaustan við bæ 001 og um 300 m suðaustan við Fornugarða 004. Samkvæmt heimildamanni, Lárusi Siggeirssyni, var haugurinn á milli túna sem hann hefur ræktað á uppblásturssvæði. Hann man eftir aðbornu grjóti og þúfum á þessum stað en sagði allar minjar vera að hverfa. Grjóthóllinn sem sagnir eru um að sé Hildishaugur er líka skráður (sjá 023) en líklega hefur nafnið færst á þann stað vegna þess hve greinilegur hann er í landslaginu. Hildishaugur var að líkindum á dálitlum óræktarbletti á milli tveggja flatlendra túnstykka, litlu sunnan við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri.

Ekki sést til minja um kuml en allt land umhverfis það hefur blásið upp og gróið aftur þannig að landslag hefur breyst mikið á þessum slóðum í gegnum tíðina. Ekki er útilokað að minjar leynist enn undir sverði þó að það sé fremur ólíklegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÍF, I, 326, Ö -Kirkjubæjarklaustur, 3; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888, 66; FF, 95; Kuml og haugfé (2000), 242-244, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894, 19

SF-116:006 heimild um traðir

63°47.143N 18°03.578V

Inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 og túnakort frá 1920 er merkt heimreið í jaðri túna á Kirkjubæ 003. Heimreiðin lá til vesturs frá bæ 003 og sveigði við enda kálgarðs 012 til SSV meðfram túngarði 048. Öll ummerki heimreiðarinnar eru horfin vegna vegargerðar og túnasléttunar. Samkvæmt túnakortinu var heimreiðin þá 150 m löng.

Malarvegur er yfir norðurhluta heimreiðarinnar og slétt, grasivaxið tún til suðurs.

Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirboði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning frá 1906; Túnakort 1920


SF-116:007 tóft fjárhús

63°47.290N 18°03.416V

Inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 og túnakort frá 1920 er merkt útihús í jaðri stakstæðs



Mynd 9 Fjárhúsið horft til norðausturs og austurs



túnskika. Tóft útihússins er um 330 m suðvestan við bæ 001 og um 200 m norðaustan við bæ 003. Hún er um 40 m austan við Prestsbústaðinn. Samkvæmt heimildamanni, Lárusi Siggeirssyni, var fjárhús á þessum stað.

Tóftin er efst (norðvestast) í túni í brekkurót Kirkjubæjarfjalls. Fast norðvestan við tóftina er trjárækt.

Tóftin er um 11x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grasigróin. Tóftin skiptist í þrjú hólfs og er óljóst op á henni í austurhorni. Hólf I er í norðausturenda. Það er um 1,5x4 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur, opið til suðausturs. Hólf II er suðvestan við hólf I og er um 2x4 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur og er opið til suðausturs. Ógreinilegur veggur er á milli hólfa II og III en hólf III er um 5x4,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það nær yfir allan suðvesturenda tóftarinnar og er op á því til norðausturs en það er óljóst vegna gras- og trjágróðurs sem vex inni í tóftinni. Ekki sést skýr veggur fyrir suðvestur- og norðvesturhlíðum tóftarinnar og hefur hún líklega verið grafín inn í hallann. Mesta hæð tóftar er um 0,6 m. Hún er líklega torfhlaðin en ekki sést í grjóthleðslur. Fast austan við tóft er gryfja sem er um 7x10 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mögulega er þetta heystæði eða

kálgarður. Innri brún gryfjunnar er skýr. Þessar minjar virðast ekki sérstaklega gamlar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna; Túnakort 1920

SF-116:008 heimild um fjárhús

63°47.005N 18°03.877V

"Þar sem fjárhúsin frá Klaustri standa, heitir Leiti," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Fjárhúsin eru merkt inn á sérstakan túnskika á túnakorti frá 1920. Leiti er um 465 m suðvestan við bæ 003, um 50 m norðan við íbúðarhúsið á Kirkjubæjarklaustri II. Mögulega hafa þarna verið beitarhús.

Leiti er hóll í brekkunni sunnan undir Kirkjubæjarfjalli, austan við lítið gil. Norðan og vestan við Leiti er skógi vaxið.

Ekki sjást nein ummerki um fjárhús á þessum stað og hafa þau að líkindum verið rifin. Þar sem fjárhúsin stóðu er hóll og er mögulegt að hluti hans séu uppsafnaðar mannvistarleifar. Ekki er ólíklegt að minjar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 1 og Túnakort 1920

SF-116:009 heimild um túngarð

63°47.401N 18°03.162V

Kirkjubæjar er getið í Landnámu og er þar getið um túngarð við bæinn: "Hildir vildi færa bú sitt í Kirkjubæ eptir Ketil ok hugði, at þar mundi heiðinn maðr mega búa. En er hann kom nær at túngarði, varð hann bráðdauðr; þar liggir hann í Hildishaugi [005]." Kristian Kálund minnst á túngarðinn í framhjáhlaupi: "Klaustrið [015] og kirkjan [002] munu hafa staðið nokkuð suðvestar en Kirkjugólfið [010] [...] Um það bil þar sem heiðin sveigir til norðurs, þar sjást greinilega tóftir af hvoru tveggja og leifar af túngarði." Óvist er hvar túngarðurinn umhverfis bæ 001 var en hann er alveg horfinn. Ef gert er ráð fyrir því að útihús í Klausturhólum 058 hafi verið innan túns má ætla að túngarður hafi verið um 45 m vestan við bæ 001. Ekki er vitað hversu stórt túnið var og ekki hægt að áætla legu túngarðsins.

Þar sem áætlað er að túngarðurinn hafi verið er lóð Heilsugæslunnar; malbikað bílaplan.

Ekki sést til minja um túngarð umhverfis bæ 001. Hann hefur að líkindum farið á kaf í sand eða raskast við mannvirkjagerð í þorpinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: ÍF, I, 326.

Kristian Kálund getur um Kirkjugólf í Íslenskum sögustöðum: "Um tíma var talið að klaustrið [015] hafi staðið þar sem svokallað Kirkjugólf er, en sýnt var fram á að um náttúrusmið væri að ræða. Klaustrið og kirkjan munu hafa staðið nokkuð suðvestar en Kirkjugólfið". Í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1894 segir: "[...] "Kirkjugólfið" og er sagt, að klausturkirkjan hafi staðið þar í fyrndinni. Klöppin er á stærð við húsgólf, og næstum vatnsflöt. Öðrum megin er fallið nokkuð úr henni, svo að skarð er eftir. Hún er sjerstaklega einkennileg að því, að hún er öll samsett af 5-strendum og 6 strendum stuðlabergssteinum, sem fall hver við annan; en alstaðar hefir þó sandleðja komið í milli og orðið þar að



Mynd 10 Kirkjugólf horft til norðausturs

steini. Svo það er ekki að undra, þó maður ætli í fyrsta álitu, að steinunum sje raðað saman af mönnum og límdir saman með steinlímu. Til að ganga úr skugga um það, ljét jeg grafa niður með klöppinni, og sást þá, að hún er jarðfast berg. En af því hún er svo sljett og hallalítill, þá má ekki fyrir það synja, að kirkjan hafi verið sett á hana fyrrum, ef til vill. Þó mætti þá líka bærinn (Kirkjubær) hafa staðið þar nærri. En ef svo skyldi hafa verið, þá hljóta menjar hans nú að liggja faldar undir sandi. En þá ætti bærinn að hafa tvisvar verið fluttur". "Austan og neðan við Fjósakinn [013] er Kirkjugólfið. Þetta eru stuðlabergsdrangar, sem hafa eins og verið kubbaðir þvert og standa upp úr moldarjarðvegi allt í kring. Það eru munnmæli, að hér hafi staðið kirkja. Ekki er takandi fyrir, að svo hafi verið, því þar hefur verið sjálfgeft kirkjugólf," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Kirkjugólf er miklu austar en Fjósakinn," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Kirkjugólfið er um 180 m austan við Fornugarða 004 og um 630 m norðaustan við bæ 001.

Kirkjugólfið er náttúrumyndun sem er fast suðvestan við flatlent tún. Til annarra átta frá þessum stað eru grónir sandhólar.

"Hérumm 40u fadma i Nordaústur frá ad framann nefndum Hildishaúgi, siest Sliettlagdur Grundvöllur, af Köntudumm Drángsteinumm, sem feldir eru Samann til Endanna, eptir sem Kantarner hafa best fallid samann, og þar misfella hefur Á orded millumm Steinanna, er ad finna smærri Steinklípi, og Iafnvel nockurskonar kalkart. - Steinflötur þessi litur út fjrir ad hafa verid Grundvöllur edur Gólf undir Einhvuriu Húsi, sem Einginn veit þó af ad seigia." [afmg.5: Þetta er hið svokallaða "kirkjugólf" sem einnig er talað um í bréfi Aschlunds sem prentað er á bls. 112 [í FF]. Sjá annars athugasemdir Sigurðar Vígfússonar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1888-92, bls. 68 og Brynjólfs Jónssonar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894, 19-20. Þetta fyrirbæri er nú friðlýst samkvæmt fornminjaskrá: Kirkjubæjarrústir, þar sem bærinn stóð áður. Sbr. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894, bls. 20." Þó að í aftanmálgreininni hér að ofan sé sagt að Kirkjugólfið sé friðlýst er ekki augljóst að svo sé út frá Friðlýsingaskrá. Í skránni stendur: "Kirkjubær. Rústir Kirkjubæjar, þar sem bærinn stóð áður. Sbr. Árb. 1894: 20." Líklegast er að tilvísunin í Árbókina eigi við bæ 001 en einnig er möguleiki að hún eigi við meint elsta bæjarstæði Kirkjubæjar, Fornugarða 004.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: KK IV, bls. 91, FF, bls. 96; Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 3; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 2, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894, bls. 20; Friðlýsingaskrá, 63

SF-116:011 "að fara upp Gjót"

heimild um leið

63°47.217N 18°03.624V



"Upp af bænum er gangstígur upp á heiðina, og er sú leið kölluð Gjót (kallað "að fara upp Gjót")," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Göngustígur liggur frá Systrafossi til vesturs upp á heiðarbrún að Systravatni 028. Stígurinn er um 90 m norðvestan við bæ 003 og um 500 m suðvestan við bæ 001.

Göngustígurinn liggur um gróðursæla fjallshlíð þar sem mikið vex af trjágróðri. Gerðar hafa verið tröppur á göngustígnum til að auðvelda ferðafólki uppgönguna.

Ekki sjást gamlar götur á þessari leið, líklega vegna þess að göngustígurinn liggur að öllum líkindum meira og minna ofan á gömlu leiðinni.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 2

Mynd 11 Leiðin horft til austurs

SF-116:012 hleðsla kálgarður

63°12.179N 18°03.524V

Kálgarður er merktur vestan við bæ 003 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna og túnakort frá 1920. "Munnmæli eru um, að undir stórum steini vestan við bæinn [003], sem heitir Hjónasteinn hafi orðið hjón, sem hafi hvílt sig þar í heybing. Milli steinsins og bæjarins var áður matjurtagarður, og er talið, að það hafi verið elzti matjurtagarður sinnar tegundar, hér um slóðir, að minnsta kosti. Fyrir rúmum 20 árum var hann gerður að trjá- og blómagarði, nú eru þar tré allt að 8 m á hæð," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Kálgarðurinn er til suðvesturs frá bæ 003. Elín Frigg Helgadóttir, heimildamaður, man eftir því að rófur og kartöflur væru ræktaðar þar. Mikið af trjám hefur verið plantað innan kálgarðsins og eru nokkur þeirra yfir 10 m há. Bakgarður íbúðarhúss 003 er nú innan kálgarðsins.



Mynd 12 Kálgarðurinn horft til VSV.

Innan í kálgarðinum eru sléttar, grasivaxnar flatir inn á milli trjá- og blómabeða.

Kálgarðurinn er 40x20 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Norðurveggurinn er ennþá varðveittur en grasivaxin upphækkun, 0,4 m á hæð, trjábeð og fyrrnefndur Hjónasteinn gefa legu hinna veggjanna til kynna. Norðurveggur kálgarðsins er 1,5 m á hæð og sjást 3-4 umför af grjóthleðslu í honum. Girt er eftir hleðslunni endilangri. Utan við kálgarðinn sést hleðslan ekki, þar er malarborið plan og nokkrum sinnum er búið að fylla uppí svæðið (sjá 001). Á hleðslunni vaxa nú blóm, berjarunnar og fleira en Elín Frigg stundar mikla ræktun í bakgarðinum. Hinir veggirnir eru horfnir vegna sléttunar og annars rasks sem hefur orðið á svæðinu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 2

SF-116:013 Fjósakinn heimild um útihús

63°47.547N 18°03.181V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 er skeifulaga útihús tæpa 750 m norðan við bæ 003 og 10 m SSV við fjárhús 017. Þetta svæði kallast Fjósakinn. Lárus Siggeirsson, heimildamaður, man eftir fjárhúsum

017 á þessum slóðum en ekki fjósi. Staðsetning örnefnisins er athyglisverð enda sjaldgæft að fjós séu svo fjarri bæjum eins og örnefnið gefur til kynna. Fjósið gæti mögulega tengst eldra bæjarstaði 001 en það er 270 m til SSA. Líklega var útihúsið rífið eða grjót boríð úr því.

Útihúsið var neðst í brekku til norðausturs niður af Klausturheiði. Um 30 m til suðaustar er girðing við brekkuræturnar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:014 *Kvennaklif* gata leið

63°47.465N 18°03.384V

"Í túninu austan við Fossá eru þrjú íbúðarhús. Vestast er hús frystihússtjórans, þar næst prestssetrið, svo læknisbústaðurinn og enn austar er Lárusarhús, þar býr Lárus, sonur Siggeirs Lárussonar [...] Túnið austur með hlíðinni þar, sem þessi hús standa, austan Fossár, heitir Skerjavöllur. Austan þess er gata upp á heiðina, svonefnt Kvennaklif. Um þessa götu gekk kirkjufólkið af heiðarbæjunum niður að kirkjunni en skildi hestana eftir upp á heiðinni," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Ofanvert Kvennaklif er um 250 m norðvestan við bæ 001. Kvennaklif liggur skáhallt upp snarbratt og skörðótt Kirkjubæjarfjall, grasi gróið með litlum grjótskriðum. Það er beint upp (norðvestur) af Heilsugæslustöðinni, meðfram litlu gili.



Mynd 13 Leiðin horft til norðausturs

Leiðin lá norðaustur-suðvestur. Gata sést á þessum slóðum og er hún um 0,4 m á breidd. Hún er mjög grunn, aðeins um 0,1 m á dýpt þar sem leiðin var skoðuð. Hluti leiðarinnar er enn farinn af fé og fólki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 2

SF-116:015 *Klausturrústir* tóft

63°47.410N 18°03.074V

1186: "Clávstr í Kirkivbó" stendur í Íslenskum annálum. Kristian Kálund fjallar nokkuð um Kirkjubæjarklaustur í bók sinni Íslenskir sögustaðir: "Hálfrar milu leið fyrir vestan Geirland [SF-113], þar sem heiðin sveigir til vesturs, stendur bærinn Kirkjubær, venjulega kallaður Kirkjubæjarklaustur. Nú er þar sýslumannssetur héraðsins, en fram til siðskipta var þar Benediktunnuklaustur. [...] Allt frá fyrstu byggð í landinu er sérkennileg helgi tengd Kirkjubæ. Þar settist að kristinn landnámsmaður, Ketill, kominn frá Suðureyjum, og niðjar hans héldur allir kristna trú; enn fremur höfðu búið hér papar, [...] Árið 1186 var stofnað í Kirkjubæ nunnuklaustur, svo sem fyrr var sagt, en þess gætti sennilega ekki mikið fyrr en nokkru síðar. Þannig er saga klaustursins næstum óþekkt alla 13. öld. [...] Um miðja 14. öld var brennd nunna í Kirkjubæ fyrir að hafa selt sig djöflinum. [...] Við siðskiptin féllu eignir klaustursins undir konung, og síðan hefur konunglegur umboðsmaður stjórnað því. Klaustrið og kirkjan [sjá 002] munu hafa staðið nokkuð suðvestar en Kirkjugólflið [sjá 010] [...] um það bil þar sem heiðin sveigir til norðurs, þar sjást greinilega tóftir af hvoru tveggja og leifar af túngarði [sjá 009]. Í upphafi þessarar aldar [19. aldar] var klaustrið (þ.e. bærinn) fluttur vestar á núverandi stað [sjá 003], en kirkjan síðar til Prestbakka [SF-110:002]." Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888 segir: "Hér um bil 30 föðmum fyrir norðan og austan hinn gamla Kirkjubæ [sjá 001], er vér höfum nú rætt um, sjást enn tóftir, sem eru miklu fornari en hinar, er vér höfum lýst. Tóftir þessar eru bæði margar og stórkostlegar, enn mjög útflattar og vallgrónar; hér er líkleg að verið hafi hið gamla klaustur [sjá 058]." "Túnið austur með hlíðinni þar, sem þessi hús standa, austan Fossár, heitir Skerjavöllur. Austan þess er gata upp á heiðina, svonefnt Kvennaklif [014]. Um þessa götu gekk kirkjufólkið af heiðarbæjunum niður að kirkjunni en skildi hestana eftir upp á heiðinni. Neðan undir klifinu er svo læknisbústaðurinn, klausturrústir og kirkjugarður austanhallt, og ofan við rústirnar voru fjárhús [sjá 013 og 017], sem nú er búið að leggja niður. Þar hét Fjósakinn," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Klausturrústirnar eru grónar, sjást nú varla og alls ekki að það séu rústir. Þær eru ofan og austanhallt við Kirkjuhóla," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Klaustrið var við norðausturhorn kirkjugarðsins og fór fram fornleifarannsókn



Mynd 14 Klaustrið sumarið 2004 þegar fornleifafrannsóknir stóðu yfir. Seinni myndin er tekin sumarið 2011

þar á árunum 2002-2006 á vegum Fornleifafræðistofunnar.

Grasigróið svæði var utan kirkjugarðs til ANA. Við fornleifarannóknirnar tóks að staðsetja klaustrið þétt upp við kirkjugarðinn. Fyllt hefur verið upp í svæðið mel mól og engin ummerki klaustursins sjáanleg á yfirboði.

Fornleifafræðistofan gróf í rústirnar á Kirkjubæjarklaustri á árunum 2002-2006. Í bæklingnum "Sagan í sandinum. Klaustrið á Kirkjubæ" eftir Kristján Mímisson er stiklað á stóru um fornleifarannsóknirnar á Kirkjubæjarklaustri. Þar kemur fram að fornleifarannsóknir hófust árið 1995 með jarðsjármælingum sem haldið var áfram árin 1998, 2000 og 2002. Markmið þeirra var að staðsetja klaustrið sem starfrækt á árunum 1186-1554. Árin 2002-2006 fór síðan fram fornleifauppgröftur og var markmið þeirra að grafa upp klaustrið. Árin 2002-2003 var samtals opnað 100 m² svæði og fundust þá þrjár byggingar frá 16.-17 öld. Árin 2004-2006 var rannsóknnum haldið áfram á sama svæði og leifar klaustursins fundust. Nánari upplýsingar um fornleifarannsóknina, framkvæmd og niðurstöður þeirra er að finna í skýrslum Fornleifafræðistofunnar og greinum eftir þá Bjarna og Kristján.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Konungsannáll, Gottskálksannáll, IA, 119, 323, KK, IV, 91, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888: 67, Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 2; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 2; Sagan í sandinum, 2-9; Kristján Mímisson, Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ I-IV.

SF-116:017 tóft fjárhús

63°47.550N 18°03.176V

"Neðan undir klifinu [Kvennaklif 014] er svo læknisbústaðurinn, klausturrústir [015] og kirkjugarður [002] austanhallt, og ofan við rústirnar voru fjárhús, sem nú er búið að leggja niður. Þar hét Fjósakinn [sjá 013]," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 eru tvö skeifulaga útihús [sjá 013] merkt á því svæði sem kallast Fjósakinn. Hér er verið að skrá fjárhúsin sem minnst er á hér ofar. Fjárhúsin eru 270 m NNV við bæ 001 og tæpa 750 m norðan við bæ 003. Rúmum 5 m norðaustan fjárhúsanna er gróið lækjargil með fossi.



Mynd 15 Fjárhúsin horft til suðausturs

Fjánhúsin eru neðst í grasivaxinni brekku niður af Klausturheiði. Brekkan er 30-40 m há og lækjargil er norðan og austan fjánhúsanna.

Fjánhúsin eru 9x8 m að stærð, einföld og snúa norðvestur-suðaustur. Tóftin er opin í báða enda og ekki ljóst hvar dyrnar voru. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir, hvergi sést glitta í grjót né hleðslur. Yfir suðurhluta fjánhúsanna liggur gaddavirsgirðing. Fjánhúsin eru nánast útflött og líklegt að grjót hafi verið borið úr þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, 2; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1904

SF-116:020 *Kaplagarðar* gata leið

63°47.814N 18°02.986V

"Þarna uppi í brúninni er nef, sem heitir Hundhamar. Niður af honum eru gamlar götur, sem heita Kaplagarðar," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Kaplagarðar eru nú, a.m.k. að mestu leyti, komnir undir tún," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Djúp gata sést um 120 m norðan við Fornugarða 004 og um 730 m NNA við bæ 001. Nafnið á götunum er sérstakt en það er líkega tilkomið vegna þess að paldrar hafa myndast milli gatnanna og þeir líkjast oft gördum.



Gatan er ofan við uppblásturssvæði sem hefur gróið aftur, fast austan við Kirkjubæjarfjall.

Mynd 16 Leiðin horft til suðurs

Gatan sést á um 45 m löngum kafla. Hún er gróin, um 0,5 m á breidd og dýpst er hún um 0,5 m. Líklega hefur leið þessi legið frá bæ 001 inn að Mörk SF-115.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 3; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 2

SF-116:021 *Bjarnartættur* garðlag fjárhús

63°47.936N 18°03.149V

"Þarna uppi í brúninni er nef, sem heitir Hundhamar. Niður af honum eru gamlar götur, sem heita Kaplagarðar [020]. Austur af honum er hvammur, sem heitir Bjarnartættur. Þar voru tóftarbrot," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Venja var að segja Bjarnatættur. Hætt er að reka fé þar upp [sjá 022]. Þar er núna sumarbústaður Júlíusar," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Bjarnatættur eru 1,3 km norðan við bæ 003 og tæpum 200 m austan við Kálfagróf 054. Lárus Siggeirsson, heimildamaður,



Mynd 17 Vallargarðurinn horft til suðurs og SSV

taldi að Bjarnatættur ættu enn að sjást um 20 m fyrir ofan (vestan) sumarbústaðinn, innan girðingar umhverfis hann. Þar hefur verið plantað þéttum greniskógi. Trén eru milli 5-10 m há og illfært á milli þeirra. Skrásetjara tókst ekki að finna tóftirnar og þær illgreinilegar, ef ekki horfnar í skógrækt. Vallargarður umhverfis þær sést enn

að hluta innan skógræktarinnar og áfram til suðurs. Hlutverk tóftanna er óþekkt en líklega voru þetta beitarhús þar sem vallargarður er umhverfis svæðið.

Fyrirnefndur sumarbústaður er í grasivaxinni hlíð sem hallar til austurs niður af Klausturheiði. Hlíðin er nokkuð brött og klettur efst.

Vallargarðurinn, eða garðlag, afmarkar svæði sem er 180x40 m að stærð og snýr norður-suður. Hann sést fyrir norðar og vestan sumarbústaðinn. Svæðið náði líklega lengra til austurs en sá hluti horfinn í trjárækt eða vegna annars rasks. Garðurinn er 0,4-1 m á hæð, 1-1,5 m á breidd og gróinn, hvergi sést glitta í grjót né hleðslur. Norðurhlutinn er 40 m að lengd og liggur austur-vestur upp hlíðina. Garðurinn sveigir síðan til suðurs og er 180 m langur. Stór hluti hans er innan trjáræktarinnar og ekki reyndist unnt að skoða hann allan vegna trjáþykkis. Garðurinn liggur útfyrir sumarbústaðalandið og er greinilegur þar í grasivaxinni hlíðinni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 3; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 2

SF-116:022 Bjarnaklif vegur leið

63°47.882N 18°03.234V



"Austur af honum er hvammur, sem heitir Bjarnartættur [021]. Þar voru tóftarbröt. Þar liggur vegur upp á heiðina. Um hann er aftréttarfé úr lágsveitum rekið til fjalls eftir rúning á vorin," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Leiðin liggur til suðvesturs upp svokallað Bjarnaklif og voru hlutar hennar upphlaðnir að sögn Lárusar Siggeirssonar, heimildamanns. Bjarnaklif er vestan við Bjarnatættur og liggur upp lág, eða klif, á milli klettabelta í hlíðinni.

Bjarnaklif liggur upp hlíð, eða bratta, til vesturs. Neðri hluti hlíðarinnar er gróið mólendi en klettabelti eru efst. Vegurinn liggur í gegnum náttúrulegt skarð. Leiðin er brött en ekki erfið yfirferðar. Vegurinn sést ennþá og víða sést einföld grjótröð eða hleðsla með mold í botninum. Austurhluti leiðarinnar liggur í grónu mólendi en til vesturs liggur leiðin yfir grýtt svæði sökum hruns úr klettum umhverfis það. Þar er hlaðið yfir verstu ófærurnar og vegurinn S-laga efst í hlíðinni. Hleðslurnar eru 0,3-0,4 m á hæð og vegurinn 0,5-1 m á breidd. Ekki sjást skýr umför og hleðslurnar orðnar óskýrar sökum smágrýti. Vegurinn lá áfram í Klausturheiði.

Heimildir: Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 3

Mynd 18 Leiðin horft til VSV

SF-116:023 Þjóðsaga legstaður

63°47.824N 18°02.949V



Mynd 19 Hildishaugur horft til norðvesturs

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894 segir: "Hildishaugur heitir enn, svo sem stekkjjarvegi fyrir austan Kirkjubæjarklaustur hið forna. Þar er landið nú blásið og hann er sjálfur ekki annað en dálítill einstakur klettur, sem stendur upp úr sandinum, og er á utan um hann lítill ávali af lausagrjóti, sem mulizt hefur úr honum, - efni hans er smásprungið stuðlaberg. Nú á dögum myndi engum detta í hug að kalla þetta haug, ef sögnin um það hefði ekki fylgt frá fyrri tíð. En meðan þar var óblásið, hefur hann veirð hulinn jarðvegi og myndað einstakan strítuhól. Má það satt vera, að Hildir fornmaður hafi verið jarðaður í honum, því þar nálgæt hefir hann dáið' [...] Það er líka eftirtektarvert við Hildishaug, að sjá hjá honum liggja stuðlabergsdrangar, af öðru "bergi brotnir" en í hólnum er sjálfum, og eru því þangað fluttir af mönnum. Þrír þeirra eru miklu stærstir og liggja sinn veg við

klettinn hver, eins og þeir hefðu oltið af honum. Stæði það líka heima ef Hildir hefði verið jarðaður í toppi hólsins. Sagt er líka, að fyrir nokkru hafi þar fundist eitthvað smávegis af fornmenjum, og mun forngripasafnið hafa fengið þær (?). Afgamla beinflís fann ég í sandinum þar hjá klettinum; en nú var þar ekki aðrar fornminjar að finna." Í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs segir: "Norðaustur þaðan er grjóthóll, sem sagt er að sé

Hildishaugur. Sumir kunnugir telja, að svo sé ekki, heldur sé sá rétti Hildishaugur [005] heldur vestar og sé uppblásinn, enda hafa fundizt þar hrossbein og jafnvel mannsbein. (Þarna var áður moldarhóll, sem blés upp og mun hafa verið horfinn fyrir 1920 H.J.)" Hildishaugur (hóllinn) er um 780 m norðan við bæ 001, um 170 m norðan við Fornugarða 004 og um 130 m norðvestan við Hildishaug 005.

Hóllinn er á uppgrónu uppblásturssvæði norðaustan við Kirkjubæjarfjall, fast sunnan við gönguleið að Kirkjugólfi 010.

Hóllinn er um 4 m há bergstrýta með gróðurkraga neðst. Engin mannaverk sjást á hólnum eða við hann.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894, 19; Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 3

SF-116:024 *Klaustursel* heimild um sel 63°47.517N 18°04.477V

"Nú er að halda upp á heiðina, Kirkjubæjarheiði. Uppi á brúninni er allstórt stöðuvatn, sem Fossá kemur úr, Systravatn. Um það er þjóðsaga, sem til er skráð. Austurhluti heiðarinnar, frá Systravatni að Stjórn, heitir Austurheiði. Beint upp af Kvennaklifi [014] er hár hóll, Sjónarhóll og norðvestur af honum er svo Selhóll. Vestur af honum eru fjárhús [sjá 065 og 067] frá Klaustri, en þar var áður selstaða og hét Klaustursel. Þar bjó Stefán Þorvaldsson póstur stuttan tíma um aldamótin," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Klaustursel var um 1,14 km vestan við bæ 001 og um 1 km norðvestan við bæ 003, fast norðvestan við Systravatn 028. Samkvæmt Lárusi Siggeirssyni, heimildamanni, var fjárhúsum 065 í Klausturseli rutt út árið 1946 en sennilegt er að fjárhúsin hafi verið reist á svipuðum stað og selið stóð áður. Það er þó ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.

Selið var á dálitilli hæð norðvestur af Systravatni í mýrlendri heiði.

Ekki sést til minja um selið.

Hættumat: hættu, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 3, Túnakort 1920

SF-116:025 *Stekkjarholt* örnefni stekkur 63°47.048N 18°05.148V

"Vestur af Systravatni er mýri, sem heitir Selmýri. Sunnan við hana er holt, sem heitir Grjótárholt. Vestan við það er annað holt, sem heitir Stekkjarholt," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Ekki var stekkur við Stekkjarholt, svo að Júlíus muni til," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Stekkjarholt er um 1,4 km VSV við bæ 003 og um 1,8 km suðvestan við bæ 001.

Stekkarholt er hátt holt í heiðinni og þar eru tún.

Ekki er vitað um stekk í Stekkjarholti og ekki sáust minjar um stekk á vettvangi.

Hættumat: hættu, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 4; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 2

SF-116:028 *Systravatn* þjóðsaga 63°47.284N 18°03.731V

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Fyrir ofan Kirkjubæ er fjallshlíð fögur og grasi vaxin upp undir eggjar og eggjarnar víða manngengar þó bratt sé. Uppi á fjalli þessu er graslendi mikið og fagurt umhverfis stöðuvatn eitt sem kallað er Systravatn af því nunnur tvær frá klaustrinu áttu að hafa lagt þangað leiðir sínar, annaðhvort báðar saman eða sín í hvoru lagi. Það er sagt að gullkambur óvenju falletur var réttur upp úr vatninu og fór önnur fyrst að reyna að vaða eftir honum, en vatnið varð henni of djúpt og fórst hún í því. Hina er sagt að einnig hafi langað til að eignast kambinn, en ekki séð nein ráð til þess. Loksins hafi hún komið auga á steingráan hest hjá vatninu og ræður það af að taka hann og ríða honum en hann var svo stórvaxinn að hún komst ekki á bak honum fyrr en hann lækkaði sig allan að framan eða lagði sig á knén. Reið hún honum svo út í vatnið og hefur ekkert af þessu sést síðan, nunnan, hesturinn né kamburinn. Af þessu er vatnið kallað Systravatn." Systravatn er um 250 m norðvestan við bæ 003 og um 560 m VSV við bæ 001.

Systravatn er allstórt vatn frammi á heiðarbrún og rennur Systrafoss úr vatninu til suðausturs. Hólkragi er meðfram öllu vatninu nema til suðausturs.

Heimildir:Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 76

SF-116:030 frásögn brunnur

Lárus Siggeirsson, heimildamaður, minnst sögusagna um að brunnur hefði verið heima við bæ 001 á Kirkjubæjarklaustri, ofan við kirkjugarðinn. Samkvæmt sögunum var þetta góður brunnur. Staðsetning brunnsins

er nú týnd sem og annað honum tengt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-116:031 heimild um vatnsból

63°46.733N 18°04.455V

"Neðan [suðvestan) undir því [Stekkjartúni 034] er tær uppsprettulind, með óvanalega heilnæmu drykkjarvatni. Hún heitir Stekkjarlækur," segir í örnefnaskrá. Lindin var rúma 1 km suðvestan við bæ 003 og rúma 100 m suðaustan við stekk 034. Skrásetjara tókst ekki að finna lindina né kannaðist Lárus Siggeirsson við vatnstöku á þessum slóðum. Lindin var að öllum líkindum suðaustan við malarlóða sem liggur að bílaplani fyrir þá sem ganga að Systrastapa 033.

Grasivaxið svæði er frá malarveginum og til suðurs að Skaftá.

Engin ummerki lindarinnar sjást á yfirboði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, 1

SF-116:032 hús

63°47.216N 18°03.510V



"Lækur þessi [Fossá] knýr rafstöð fyrir Klaustur," segir í örnefnaskrá. Rafstöðvarhús er við Fossá um 50 m norðan við bæ 003. Samkvæmt heimildamanni, Elínu Frigg Helgadóttur, var gerð stífla neðan við eystri fossinn til þess að veita báðum Systrafossunum í einn.

Húsið er norðan við ána (lækinn), neðst í brekkunni sunnan undir Kirkjubæjarfjalli. Fast sunnan við lækinn er malbikaður vegur. Trjárækt er að baki húsinu til norðurs.

Rafstöðin er frá 1922 og var starfrækt í um 10 ár samkvæmt Lárusi Siggeirssyni, heimildamanni. Vatnið var leitt í pípu niður í stöðvarhúsið. Húsið hefur verið gert upp og þar var starfrækt myndlistargallerí þegar það var skráð 2011. Húsið er bárujárnsklætt timburhús, er um 3x3 m að stærð og 2,5-3 m á hæð. Framan við það til suðurs er timburpallur. Hlaðið er undir

Mynd 20 Húsið horft til norðurs

pallinn og meðfram læknum til austurs en lækurinn rennur framan (sunnan) við húsið. Stíflan sem gerð var til að veita báðum fossunum í einn, efst á fjallinu, er nú horfin. Ekki sjást önnur mannvirki sem tengjast rafstöðinni en rafstöðvarhúsið sjálft. Rafstöðin er ekki fornleif í skilningi laganna þar sem hún hefur ekki náð 100 ára aldri. Hún er hins vegar skráð vegna þess að hún er til vitnis um þann tíma í sögunni þegar heimarafstöðvar tíðkuðust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, 1

SF-116:033 Systrastapi þjóðsaga legstaður

63°46.552N 18°04.755V



Kristian Kálund fjallar um Systrastapa í bók sinni Íslenzkir sögustaðir: "Þjóðsaga segir frá tveimur nunnum, og var önnur dæmd saklaus til dauða, en hin sek, og er bent á grafir þeirra uppi á Systrastapa. Systrastapi er stakur klettur um mílufjórðung fyrir vestan Kirkjubæ, ". "Nú erum við komin inn að Systrastapa það er móbergshnúkur laus við aðalheiðina og gróinn hryggur þar á milli, upp á þann hrygg fór söfnuðurinn 20. júlí 1783 og sá, að hraunflóðið var stanzað. Systrastapi hefur nafn af því, að sagt er, að uppi á honum séu dysjaðar tvær systur (nunnur) frá Kirkjubæjarklaustri, sem voru grafnar fjarri öðrum vegna afbrota sinna," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Í bæklingnum Sagan í Sandinum um uppgröftinn á Kirkjubæjarklaustri 2002-2006 segir: " Systrastapi er klettastapi vestan við Klaustur. Þjóðsaga segir að uppi á stapanum sé

Mynd 21 Systrastapi horft til suðurs

legstaður tveggja klaustursystra sem áttu að hafa verið brenndar á báli fyrir brot á siðareglum. Önnur hafði selt sig fjandanum, gengið með vígt brauð fyrir náhúsdýr og lagst með karlmönnum. Hin hafði talað óguðlega um

páfann. Eftir siðskiptin var seinni nunnan talin saklaus og á leiði hennar óx fagur gróður en á leiði hinnar seku var gróðurlaust." Bjarni F. Einarsson skrifaði grein í Dynskóga sem birtist árið 2006. Þar eru birtar niðurstöður úr könnunarskurðum sem grafnir voru í þústirnar meðan á uppgreftri á klaustri 015 stóð árin 2002-2006. Samkvæmt niðurstöðum hans eru þústirnar náttúrulegar og tilkomnar vegna áfoks og því hvorki mannaverk né fornleifar. Þær má þó telja til þjóðsagnastaða og eru skráðar sem slíkar. Systrastapi er rúma 2 km suðvestan við bæ 001 og 1,1 km suðvestan við útihús 045.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:KK, IV, 91, Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 1, Sagan í Sandinum, 6: Bjarni F. Einarsson, 168-169.

SF-116:034 *Stekkatún* örnefni stekkur

63°46.775N 18°04.355V

"Fyrir austan Systrastapann [033] er hvammur inn í heiðina, Rauðárhvammur. Niður í hvamminn rennur á, Rauðá sem kemur þar ofan af heiðinni. Í henni er fallegur foss, sem heitir Rauðárfoss. Þar fyrir austan ána er tún, sem heitir Stekkatún [034]. Neðan undir því er tær uppsprettulind [031], með óvanalega heilnæmu drykkjarvatni. Hún heitir Stekkatúns-lækur," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Stekkatúnslækur er vestanhallt móti Ytra-Bæjarklifi [036]," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Stekkurinn var rúmum 1 km suðvestan við bæ 003 og 600 m suðvestan við útihús 045. Lárus Siggeirsson, heimildamaður, man ekki eftir stekk á þessum slóðum, líklega hvarf hann við túnasléttun. Stekkatún er grasvaxið, slétt í halla til suðurs niður Klausturheiði. Það er nýtt til sláttar og afgirt með gaddavír. Engin ummerki stekkarins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 1; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 1, Túnakort 1920

SF-116:035 *Sönghellir* heimild um fjárskýli

63°47.174N 18°03.807V

"Í brekkunum alla leið frá Leiti [008] og að Kvennaklifi [014], er síðar getur, hefur verið plantað birkiskógi, sem nú er sumstaðar 3 metra hár. Innan um hann hefur verið gróðursett allmikið af barrtrjám. Uppi í brekkunni vestanhallt við staðinn, er hellir, Sönghellir, þar munu hafa verið hafðar kindur áður fyrir. Sagnir eru um að þar hafi nunnur sungið, þegar þær fögnuðu komu munkanna frá Þykkvabæjarklaustri," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Júlíus veit ekki til, að kindur hafi verið hafðar í Sönghelli, en þær héldu sig oft þar," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Sönghellir er um 720 m suðvestan við bæ 001.



Mynd 22 Hellirinn horft til vesturs. Seinni myndin er tekin innan í hellinum.

Hellirinn er í bergi ofarlega í hlíðum Kirkjubæjarfjalls þar sem þverhnipt bjarg tekur við að grónum og skógi vöxnum brekkum.

Hellirinn er um 7 m langur og 3 m breiður innst. Hann er bjúglaga og liggur nokkurn veginn frá austri til norðurs. Hellismunninn er lágur, um 1,2 m á hæð, en þegar komið er inn fyrir hann er vel manngengt. Gólfíð hallar til austurs í átt að munnanum. Engin mannaverk sjást í eða við hellinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 2; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 1

SF-116:036 Klausturklif / Ytribæjarklif heimild um leið

63°46.762N 18°04.440V



Mynd 23 Leiðin hoft til VNV

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888 segir: "Hinn 28. ágústmánaðar kom ég að Kirkjubæjarklaustri á Síðu. Þar leitaðist ég fyrst við að rannsaka þessi orð Njálu: "Flosi reið á fjall frá Kirkjubæ". Svo er landslagi háttað á Kirkjubæ, að austan frá á einni, er Stjórn nefnist og rennur nokkuð langt fyrir austan bæinn, liggja einlægir hamrar vestr eftir alt að Systrastapa [033], sem er samt fyrir vestan Kirkjubæ og er einstakur klettur, einkennilegur mjög. Hvergi verður hér komizt með hest upp á brúnina, nema á einum stað, rétt fyrir austan Systrastapa. Þar liggur brattur vegur upp hlíðina, enn er upp undir fjallsbrúnina dregur, taka við brattir klettasvarðar; er veginn þar á brúninni mjög tæpr og liggur fram með gili einu, en hátt er ofan fyrir. Varla getr þar riðið nema einn maðr í senn. Þegar svöðum þessum sleppir, taka við uppi á brúnni

brekkur aflíðandi og heldr ógreiðar yfirferðar, enda er vegur þessi lítt farinn af almenningi." Í bókinni Lárus á Klaustri stendur: "Klifíð upp Klausturheiðina var Þrándur í Götu við nýtingu Heiðarinnar til slægna. Þar var aðeins hestagata, snarbrött á klöpp utan í fjallinu. Þótti sumum sléttubúum nóg að um að fara það gangandi. Þó var þetta heybandsvegur frá Klaustri [...] Með óhemjuvinnu og tilkostnaði tókst að sprengja klöppina, svo að greiðlega varð farið klifið með vagna og vélar," Leiðin gengur undir nöfnunum Klausturklif og Ytribæjarklif (sjá 039) og er malarvegur þar upp á heiðina, notaður af ábúendum á Kirkjubæjarklaustri II.

Klausturklif er sunnan í Klausturheiði. Þar er grasivaxin brekka með náttúrulegum pöldrum og klettur eru efst nema þar sem vegurinn liggur.

Leiðin upp Klausturklif er ennþá notuð. Þar er nú bílfær malarvegur upp á Klausturheiði. Vegurinn er brattur og aðeins fær stærri bílum. Sá vegur sem lýst er af Sigurði Vigfússyni er horfinn á þessum slóðum, undir núverandi veg og vegna sprenginga á klettunum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888, 66-67; Lárus á Klaustri, 81

SF-116:038 gata leið

63°47.451N 18°03.114V



Mynd 24 Leiðin horft til norðurs

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888 segir: "Austr frá bænum [001] ofan til er greinileg lægð langt austur eftir, og er þetta líkt fornum tröðum. Það er því líklegt að þetta séu geilar þær, er Sturlunga talar um. Þar á mótí sést hvorki síkið né gönguskarðið, sem sagan getr við aftöku Ormssona, enda er það eðlilegt, því að þegar austr dregur frá bænum er alt hið neðra uppblásið og uppfyllt af sandi, og vegna sandágangs þessa hefur gamli bærinn auðsjáanlega fluttr verið." Í greininni Kirkjubær og klaustur -umhverfi og mannvistarleifar- eftir þá Sigurjón P. Ísaksson og Þorgeir S. Helgason og birtist í bókinni Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellsþingi segir: "Geilarnar sem þarna [í Svínfellingasögu] er getið um, eru eflaust traðir framhjá bænum [001]. Þær hafa líklega verið ofan

(vestan) við bæinn, þar sem þjóðleiðin var á fyrri hluta þessarar aldar og enn markar fyrir [...]. Líklega er þetta sama leið og sést á Bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1904 en þar er hún sýnd liggja vestan við myllu 041 og þaðan til norðausturs á leið 052. Ekki er samræmi á milli lýsinga Sigurðar annars vegar og Sigurjóns og Þorgeirs hins vegar. Sigurður segir lægðina liggja austur frá bænum en Sigurjón og Þorgeir segja að hún sé ofan eða vestan við bæinn. Nær öruggt er þó að verið er að tala um sömu leið. Að öllum líkindum liggur umrædd leið fast norðvestan við Klausturhóla 058, um 80 m norðan við bæ 001. Þar er renna sem hefur að

líkindum myndast við umferð ríðandi og gangandi manna. Troðin gata er eftir henni miðri því hún er enn farin (2011). Ekki sjást ummerki um þessa leið annarsstaðar vegna mannvirkja sem hafa verið byggð ofan hana eða rasks sem þeim hefur fylgt.

Meint leið sést á milli skógi vaxinnar einbýlishúsaloðar og Klausturhóla. Við norðurenda rennunnar er tún og við suðurendann er malbikuð gata.

Leiðin sést á um 50 m löngum kafla og snýr nálega norður-suður. Hún er um 1,5 m breið og um 0,4 m á dýpt. Mikill gróður vex á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888, 67; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904; Af klaustrum og kennimönnum, 192

SF-116:039 *Ytribær* heimild um býli 63°46.806N 18°04.307V

"Upp af Stekkatún [034] (...) er akvegur upp á heiðina, þar heitir Ytra-Bæjarklif. Við það eru gamlar bæjarrústir, sem búið er að slétta yfir," segir í örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. "Stekkatúnslækur er vestanhallt móti Ytra-Bæjarklifi. Júlíus var við að slétta rústirnar við klifið. Þær voru talsvert miklar, virtust vera eftir bæ og kofa í kring. Þær voru kallaðar Ytribær eða Ytribæjartættur. Aðeins sést móta fyrir þeim enn," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs. Ytribær var um 1,48 km suðvestan við bæ 001 og um 975 m suðvestan við bæ 003.

Bærinn stóð að líkindum þar sem er hólrani í Stekkatúni 034 en hann er nú sleginn. Norðan við hólinn er lítið lækjargil.

Ekki sést til minja um býlið vegna sléttunar en ekki er útilokað að mannvistarleifar um það séu enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Kirkjubæjarklaustur, bls. 1; Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur, bls. 1;

SF-116:040 heimild um útihús 63°47.253N 18°03.388V

Inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 og túnakort frá 1920 er merkt skeifulaga útihús 150 m NNA við bæ 003 og 65-70 m sunnan við útihús 007. Rúmum 10 m sunnan við útihúsið var leið 052. Útihúsið er horfið, líklega vegna rasks á svæðinu.

Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún norðan við íbúðarhús er kallast Jónshús. Heimreið þess er rúmum 5 m sunnan við þar sem útihúsið stóð.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:041 heimild um myllu 63°47.232N 18°03.601V

Samkvæmt heimildamanni, Lárusi Siggeirssyni var mylla í Systrafossi. Hún er líklega það mannvirki sem sýnt er við Systrafoss á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904. Áætluð staðsetning myllu er um 110 m norðvestan við bæ 003 og um 520 m suðvestan við bæ 001.

Við Systrafoss og í honum eru gríðarmikil björg sem fallið hafa úr fjallinu. Allt í kringum fossinn er víði vaxið.

Ekki fengust upplýsingar um það hvenær myllan var í notkun eða hvernig hún var gerð. Ekki sjást augljós ummerki um myllu. Líklega hefur myllan verið rifin eða hún hrunið í fossinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:042 *Kjarvals fjós* heimild um fjós 63°47.191N 18°03.531V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 er merkt útihús um 30 m vestan við bæ 003 og fast austan við útihús 044. Líklega er þetta svokallað Kjarvals fjós sem Jóhannes S. Kjarval málaði en í því var grjót úr kirkjunni 002 sem flutt var að Prestbakka 1859.

Útihúsið var vestan við Kirkjubæjarstofu þar sem nú er malarplan. Til norðurs er vegur að gistihúsi og áfram að Systrastapa 033.

Ekki sést til minja um útihúsið vegna niðurrifs en samkvæmt Lárusi Siggeirssyni, heimildamanni, voru útihúsin á hlaðinu rifin um 1960. Mögulega leynast einhverjar leifar þess enn undir sverði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:043 tóftir beitarhús

63°46.521N 18°04.791V

Þrjár tóftir eru saman um 2,14 km suðvestan við bæ 001 og um 1,6 km suðvestan við bæ 003, fast suðvestan undir Systrastapa. Elín Frigg Helgadóttir, heimildamaður, telur að tóftirnar séu af hrútakofum en umfang minjanna bendir til þess að beitarhús hafi verið á þessum stað.



Mynd 25 Beitarhúsin horft til suðurs

Tóftirnar eru á lítilli landræmu á milli Systrastapa og Skaftár. Hár bakki er niður að ánni frá tóftunum til suðvesturs.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 20x13 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftirnar eru þrjár talsins og fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er austast og er tvískipt. Fast vestan við hana er tóft B sem er líka tvískipt. Fast norðvestan við tóft B er svo tóft C sem er einföld. Tóft A er um 8x10 m að stærð, snýr norður-suður. Í austurhluta er hólf I sem er að hluta grafið inn í brekku, austurhlið þess. Hólfíð er um 6x1 m að innanmáli, op er til suðurs. Hólf II er suðvestan við hólf I og er um 3x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Mesta hæð veggja er um 1,3 m. Fast vestan við tóft A er tóft B sem er um 7x9 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er í austurhluta tóftar. Það er um 2x4,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Skaftá hefur grafið undan suðurenda hólfins og þar er því ekki veggur. Líklega hefur verið op á hólfinu til suðurs. Hólf II er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs og stendur hærra en hólf I. Mesta hæð veggja er um 1,3 m. Tóft C er um 4x4 m að stærð. Óljós inngangur inn í hana er á suðvesturhlið. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Allar tóftirnar eru grónar og hvergi sést í grjóthleðslur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-116:044 heimild um hlöðu

63°47.191N 18°03.543V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 er merkt útihús um 40 m vestan við bæ 003, fast suðvestan við Kjarvalsfjós 042. Á ljósmynd frá því um miðja 20. öld sést útihús á sama stað. Samkvæmt heimildamanni, Elínu Frigg Helgadóttur, var þarna hlaða og kann hún að hafa staðið lengi á sama stað.

Þar sem útihúsið var er nú malarplan. Um 1 m hár stallur er til norðvesturs niður á malarveg og svo er aftur stallur niður á malbikaðan veg sem liggur að gistihúsi.

Ekki sést til minja um útihúsið vegna niðurrifs, en samkvæmt heimildamanni, Lárusi Siggeirssyni, voru útihúsin á hlaðinu rifin um 1960. Mögulega leynast einhverjar leifar þess enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:045 heimild um útihús

63°46.984N 18°03.803V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 er skeifulaga útihús merkt 460 m suðvestan bæ 003 og 70 m fyrir suðaustan útihús 008. Útihúsið var á milli Skaftár til suðurs og vegar að Kirkjubæjarklaustri II til suðurs. Þar er horfið.

Útihúsið var sunnan undir vegkanti vegar sem liggur að bænum Kirkjubæjarklaustri II. Þar er slétt, grasivaxið svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:046 heimild um útihús

63°47.192N 18°03.509V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 er merkt útihús norðan við bæ 003. Samkvæmt Elínu Frigg Helgadóttur, heimildamanni, var mögulega smiðja á þessum stað.

Útihúsið var 10-15 m vestan við bæ 003 þar sem síðar var byggt gistihús og nú er Kirkjubæjarstofa.

Ekki sést til minja um útihúsið vegna bygginga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:047 heimild um kálgarð

63°47.126N 18°03.367V

Kálgarður er merktur 160 m suðaustan við bæ 003 og 240 m sunnan við útihús 040 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904, við bakka Skaftár. Túnið á milli bæjar 003 og Skaftár kallast Framtún og var kálgarðurinn syðst í því. Hann er horfinn, líklega vegna túnasléttunar.

Slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar er þar sem kálgarðurinn var.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:048 heimild um túngarð

63°47.152N 18°03.563V

Túngarður er merktur fyrir suðvestan bæ 003 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904. Hann afmarkaði heimatúnið frá heimreið 006 og til suðurs að Skaftá sem afmarkaði þá hlið. Ekki er ljóst hvort garður afmarkaði hinar hliðar túnsins.

Þar sem túngarðurinn var er slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:049 heimild um leið

63°47.142N 18°03.665V

Leið er sýnd liggja frá bæ 003, að útihúsi 008 og áfram til suðvesturs á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904. Þar er nú vegur sem fallinn er úr notkun og skurður fast norðan hans. Vegurinn er 4 m breiður, bílfær og yngri en leiðin á túnakortinu.

Vegurinn er í grasivöxnu og sléttu túni.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði enda hefur lagning yngri vegarins líklega máð út öll ummerki um eldri leið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:050 frásögn útihús

63°47.199N 18°03.566V

Við stóran stein sunnan við Systrafoss, þar sem nú er bílskúr, var torf- og grjóthlaðinn reykkofi og síðar hænsnakofi og þvottahús á sama stað. Umræddar minjar sjást óljóst á ljósmynd sem tekin er ofan af Kirkjubæjarfjalli um miðja 20. öld í eigu Elínar Friggjar Helgadóttur, heimildamanns en hún man vel eftir þeim. Minjarnar voru um 60 m vestan við bæ 003.

Fast sunnan við stóra steininn sem húsin stóðu er malarvegur sem tekur við af malbikuðum vegi og liggur að Systrastapa 033. Til vesturs er nýlegur bílskúr og hafa útihúsin staðið þar því norðan við steininn er allbratt niður að ánni Fossá þar sem hún rennur neðan við Systrafoss.

Ekki sést til neinna ummerkja um útihúsin og hafa þau væntanlega verið rifin.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SF-116:051 heimild um leið

63°47.470N 18°02.940V

Leið er merkt frá bæ 003 og að Kirkjugólfi 010 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904. Líklegt er að leiðin hafi legið þar sem elliheimilið á Kirkjubæjarklaustri er nú (2011) og áfram til ANA. Leiðin hefur legið frá bæ 003 og líklega yfir Stjórnarsand og Geirlaugsa, áleiðis að Prestsbakka og annarra bæja til austurs á Síðu.

Leiðin lá um tiltölulega flatlent svæði á milli Kirkjubæjarfjalls og Skaftár.

Engir hlutar leiðarinnar sjást ennþá en leiðin hefur að líkindum raskast við uppblástur og síðar horfið í tún og undir vegi og byggingar í þorpinu.

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:052 heimild um leið

63°47.441N 18°03.082V

Leið er merkt til norðausturs frá bæ 003, milli gamla bæjar 001 og kirkju 002 og áfram til norðurs á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904. Ekki er vitað hvert leiðin lá en hún stefnir á Klausturheiði á bæjarteikningunni. Mögulega er framhald hennar upp Bjarnaklif 022.

Til norðausturs eru grasivaxin tún en byggðin á Kirkjubæjarklaustri til vesturs.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904

SF-116:053 sögustaður

"[...] en Ögmundur getur ekki unað við lægingu sína, gerir Svínfellingum fyrirsát og lætur höggva þá Sæmund og Guðmund fóstura sinn. Kunnu menn á síðustu öld að segja frá fyrirsátsstaðnum, við Bjarnartættur [021] uppi við fjallið, en ekki kemur það að öllu heim og saman við söguna," segir í Árbók FÍ 1983. Ekki er vitað hvar sögustaðurinn er en líklega var hann nærri Bjarnarklífi 022.

Heimildir:ÁFÍ 1983. 56

SF-116:054 *Kálfagróf* sögustaður

63°47.961N 18°03.404V



Mynd 26 Kálfagróf horft til vesturs

Í Landnámabók segir: "Nokkuru síðar hljóp Uni á braut, þá er Leiðólfr var eigi heima, en Leiðólfr reið eptir honum, þá er hann vissi, ok fundusk þeir hjá kálfagröfum; var hann þá svá reiðr, at hann drap Una ok föruneuta hans alla." "Enn norðar er hvammur er heitir Kálfagróf. Þar telja menn að séu Kálfagrafir þar sem Leiðólfr vó Una danska og förunauta hans að sögn Landnámubókar ." segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1983. Kálfagróf er rúmum 1 km norðan við bæ 001 og 230 m vestan við áveitu 055. Hvammurinn gengur inn í Klausturheiði til VSV og rennur lækur þar niður.

Hvammurinn er grasivaxinn með bröttum hliðum og klettum efst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÍF I, 300; ÁFÍ 1983, 61

SF-116:055 renna áveita

63°47.974N 18°03.125V

"Á sandinum (Stjórnarsandi) er nú víðáttumikið tún en uppgræðsla hans á sér nær aldagamla sögu, var hafin með áveitu úr Stjórn á árunum 1886-1893," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1983. Áveitan er rúmum 1 km sunnan við bæ 001 og 230 m austan við Kálfagróf 054. Skurður liggur til suðausturs frá ánni Stjórn og hverfur á móts við Bjarnatættur 021. Lárus Siggeirsson, heimildamaður, man einnig eftir áveitugörðum austarlega á Stjórnarsandi en þeir eru horfnir nú að hans sögn. Áveitan er að mestu horfin sökum uppblásturs sem var á þessum slóðum. Skurðurinn hefst við brú á þjóðveginum yfir ánnu og liggur 10 m austan við malbikaðan veg. Skurðurinn er í lyngi-, kjarri- og grasivöxnum mel.



Mynd 27 Áveitan horft til norðurs og suðausturs

Eini hluti áveitunnar sem ennþá sést er handgraffinn skurður. Hann er greinilegur á 250 m löngum kafla og fjarar síðan út. Skurðurinn liggur til suðausturs frá Stjórn og er á milli malbikaðs þjóðveggar til vesturs og gaddavirsgirðingar til austurs. Hann er 0,4-1,1 m á dýpt og 3-4 m á breidd.

Heimildir: ÁFÍ 1983, 61

SF-116:056 heimild um útihús

63°47.235N 18°03.623V

Í bókinni Seiður lands og sagna er birt mynd úr Íslandsleiðangri Gaimards frá árinu 1836. Þar er sýnt hús fast vestan við Systrafoss og taldi Gísli Sigurðsson, höfundur bókarinnar, það vera hesthús. Líklegt er að þarna hafi verið úthús en ekki er hægt að fullyrða nánar um hlutverk þess af myndinni. Útihúsið hefur líklega verið um 130 m norðvestan við bæ 003.

Við Systrafoss og í honum eru gríðarmikil björg sem fallið hafa úr fjallinu. Allt í kringum fossinn er viði vaxið. Ekki sáust nein ummerki um útihúsið á vettvangi og hefur það líklega verið rífið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Seiður lands og sagna, 206

SF-116:057 frásögn rétt

63°46.936N 18°03.888V

Fanney Ólöf Lárusdóttir, heimildamaður, man eftir grjóthlaðinni rétt við Skaftá, 150 m fyrir sunnan fjárhús 008 og 570 m suðvestan við bæ 003.

Þar sem réttin var er gróið svæði neðan við brekku. Ofan brekkunnar er Kirkjubæjarklaustur II. Skaftá rennur um 10 m sunnan við þar sem réttin stóð.

Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði. Ekkert er vitað um aldur réttarinnar en hún er hvorki sýnd á bæjarteikningu frá 1904 né túnakorti frá 1920. Gera má ráð fyrir að hún sé yngri en það. Réttin var grjóthlaðin, byggð með fornu byggingarlagi og tekin á fornleifaskrá. Réttin var rífin fyrir allmörgum árum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


SF-116:058 *Klausturhólar* þúst útihús

63°47.452N 18°03.103V

Í grein Bjarna F. Einarssonar sem birtist í Dynskógum árið 2006 stendur: "Nafnið Klausturhólar er stundum talið eiga við hóla nokkra rétt norðaustur af gamla bæjarstaði Kirkjubæjarklausturs [001]. [...] Þar var grafið fyrir nokkrum árum og niðurstaðan sú að þar hafa skepnuhús staðið í öndverðu." Í skýrslunni Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ I segir ennfremur: "Prufuhola 2 var tekin norðan við gamla bæjarhólinn og malbikuðu götuna að elliheimilinu við svokallaða Klausturhóla [...] Í henni fundust margar kynslóðir mannvirkja sem náðu aftur á 11. öld. Gerð (t.d.) gólflog og viðhald mannvirkjanna sem og



Mynd 28 Klausturhólar horft til NNW



gripaleysi gaf til kynna að hér hafi í gegnum aldirnar staðið útihús," Klausturhólar eru um 85 m norðan við bæ 001.

Hólarnir eru fast norðvestan við malbikaða götu heim að elliheimilinu í þorpinu. Norðvestan við hólana er tjágróður inni á einbýlishúsalóð en einnig vex trjágróður fast norðaustan við hólana.

Klausturhólar eru einn samfelldur hólrani eða þúst sem snýr suðvestur-norðaustur. Þústin er um 25x60 m að stærð og er hæst í norðausturenda þar sem hún er um 3 m á hæð. Þústin hallar til suðausturs og lækkar í þá átt. Hún er afar grasgefin. Í þústinni sjást sjö greinilegar lögðir sem eru líklega til vitnis um hólfaskiptingu en einhverjar þeirra kunna að hafa myndast við rask. Lægðirnar eru 2-6 m á lengd og 2-4 m á breidd innanmáls. Þær snúa ýmist norðvestur-suðaustur eða suðvestur-norðaustur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarni F Einarsson, 170; Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ I, 3

SF-116:059 hús útihús

63°47.206N 18°03.596V

Hús undir þaki sem er að hluta grjóthlaðið er um 90 m vestan við bæ 003 og um 30 m norðvestan við útihús 050. Húsið sést á gamalli ljósmynd sem var líklega tekin um miðja 20. öld.



Mynd 29 Húsið horft til norðurs

Húsið er í gróinni brekku suðaustan undir Kirkjubæjarfjalli. Skógrækt er allt í kringum það.

Húsið er um 6x8 m að stærð og snýr norður-suður. Það er einfalt og er með grjóthlaðna veggja en suðurgafli er úr steypu og timbri. Á gaflinum eru dyr og gluggar. Gras vex á þakinu sem er líklega úr bárujárni. Mesta hæð veggja er um 1,5 m og sjást 8 umför af grjóti í hleðslu. Líklega er þetta hús ekki nógu gamalt til að teljast fornleif samkvæmt lögum. Það er engu að síður skráð vegna forns byggingarlags. Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið gegndi en það gæti hafa verið hesthús.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

SF-116:060 heimild

63°47.422N 18°02.975V

Í greininni Kirkjubær og klaustur -umhverfi og mannvistarleifar- eftir þá Sigurjón P. Ísaksson og Þorgeir S. Helgason og birtist í bókinni Af klaustrum og kenningum í Skaftafellspingi segir: "Þórarinn Magnússon frá Hátúnum, segist hafa reynt að fylgjast með þegar grafið var fyrir síðasta áfanga elliheimilisins á Klaustri. Að sögn hans var þykkt sandlag efst, undir því virtist vera gamall öskuhaugur; því að þar kom upp aska, bein og leifar af tuskum." Suðvestasti hluti elliheimilisins er sá sem síðast var byggður en það er allt sambyggt. Ekki er vitað nákvæmlega hvar meintur öskuhaugur kom í ljós og er hann að líkindum undir nýbyggingunni. Gróflega má áætla að öskuhaugurinn hafi verið um 115 m austan við bæ 001.

Sléttuð flöt er í kringum yngsta hluta elliheimilisins og er lítil brekka frá því til austurs.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir: Af klaustrum og kennimönnum, 193

SF-116:061 heimild um útihús

63°47.411N 18°03.146V

Í greininni Kirkjubær og klaustur -umhverfi og mannvistarleifar eftir þá Sigurjón P. Ísaksson og Þorgeir S. Helgason og birt var í bókinni Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellssþingi segir: "Steinþór Jóhannsson kvaðst aðeins einu sinni hafa séð rústir við gröft á svæðinu. Það var þegar grafið var fyrir lögnum meðfram veginum, á móts við gafl heilsugæslustöðvarinnar. Þar var grafið í gegnum röð af húsarústum. Samkvæmt því er rústasvæðið að hluta til undir veginum, en nær ekki upp að Heilsugæslustöð". Minjarnar fundust um 30 m vestan við bæ 001 og 70 m norðvestan við kirkju 002. Þær hafa líklega tilheyrt eldra bæjarstæðinu.

Milli heilsugæslustöðvarinnar og vegarins er slétt grasflöt.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Af klaustrum og kennimönnum, 193

SF-116:063 garðlag túngarður

63°46.761N 18°04.385V

Garðlag afmarkar tún austan við Systrastapa 033 og vestan við Stekkatún 034. Túnið er en slegið. Garðurinn liggur til VSV frá Klausturklifi 036, sveigir til suðvesturs og síðan til suðurs við læk og að Skaftá. Ekki er ljóst hvort garður afmarkaði austurhlíð túnsins. Gönguleiðin að Systrastapa liggur fast norðan við garðinn á kafla. Bílplan fyrir ferðamenn er austan við túnið.



Mynd 30 Túngarðurinn horft til norðurs og norðausturs

Fyrir sunnan garðinn er slétt, grasivaxið tún en mólend, gróin brekka með klettum efst til norðurs.

Garðurinn afmarkar tún sem eru 300x250 m að stærð og snúa norðaustur-suðvestur. Norðurhlíð hans er 1,5 m á hæð, 1-1,5 m á breidd og grasivaxin. Vel sést hvar efni var tekið norðan við garðinn og ýkir það hæð hans nokkuð. Hlíðin er 300 m að lengd og sveigir til suðvesturs við á sem rennur niður Klausturheiði. Þar er garðurinn 250 m að lengd, 0,8-1,2 m á hæð, 1 m á breidd og grasivaxinn. Garðurinn endar við Skaftá. Hvergi sést glitta í grjóti né hleðslur í garðinum og hann torfhlaðinn. Rof eru hér og þar í garðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


SF-116:064 tóft beitarhús

63°46.539N 18°04.822V

Líkleg beitarhúsatóft er rúmum 2 km suðvestan við bæ 001 og 60 m vestan við Systrastapa 033. Hún er í brekku til VSV frá stapanum.

Grasivaxið mólendi er allt umhverfis beitarhúsin.

Á þessu svæði eru tóft og niðurgráfin lægð. Svæðið er samtals 12x10 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er 10x4 m að stærð. Hún er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er opin til suðvesturs og torfhlaðin. Veggirnir eru 0,6 m á hæð, 1,5 m á breidd og grasivaxnir. Tóftin er byggð inn í brekkuna til austurs. Ekki sér til



Mynd 31 Beitarhúsið horft til VSV

garða né hólfaskiptingar inni í sjálfri tóftinni en líklegast er hún beitarhús. Til vesturs frá tóftinni er niðurgrafin lægð. Hún er 7x4 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,4 m djúp. Líklegt er að lægðin tengist notkun beitarhúsanna á einhvern hátt og mögulega var hún hlaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-116:065 heimild um fjárhús

63°47.479N 18°04.543V

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd tvö útihús (sjá 067) innan stakstæðs túns þar sem Klaustursel 024 var áður. Fjarlægðir eru ekki réttar né rétt áttahorf á stakstæða túninu. Í bókinni Lárus á Klaustri: ævi hans og störf stendur: "Þegar á fyrstu búskaparárum [tekur við búi 1905] Lárusar á Klaustrinu kom í ljós stórhugur hans. Þá byggði hann fjárhús með hlöðu í svokölluðu Seli [024] í Klausturheiðinni. Fjárhúsið tók um 200 fjár og hlaðan hey, er nægði fénu í hörðustu vetrum." Fjárhúsið var 1 km norðvestan við bæ 003 og 40 m SSA við útihús 067. Það var rúma 70 m norðvestan við Systravatn. Bárújármsklædd fjárhús með hlöðnum veggjum frá Lárusi Siggeirssyni, byggð á 20. öld standa enn á þessum stað. Þau byggði hann á leifum fjárhúsanna sem var rutt út árið 1946. Ekki er vitað hvort að fjárhúsin og hlaðan voru sambyggð, útihús 067 gæti verið hlaðan. Það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.

Fjárhúsin voru í grasivöxnu heiðlendi með hæðum, hólrimum og lækjarskorningum.

Enngin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Lárus á Klaustri, 80

SF-116:066 garðlag óþekkt

63°46.607N 18°04.706V



Stutt, útflatt garðlag er um 110 m NNA við Systrastapa 033, um 1,5 km suðvestan við bæ 003 og um 2 km suðvestan við bæ 001.

Garðlagið er á sléttlendi meðfram Rauðá, vestan við tún.

Garðlagið er um 20 m á lengd, liggur ANA-VSV á milli árbakka og ár. Mögulega eru leifar af sama garðlagi ANA við ána en það er óljóst. Garðlagið er nokkuð útflatt og hlaupið í þúfur, er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Það er gróíð og ekki sést í grjóthleðslur. Hlutverk garðlagsins er óljóst. Ekki er útilokað að einhvers konar brú yfir Rauðá hafi verið á þessum stað á leið út að Systrastapa en

Mynd 32 Garðlagið horft til austurs

mögulegt er einnig að garðurinn hafi verið vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-116:067 þúst útihús

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd tvö útihús (sjá 065) innan stakstæðs túns þar sem Klaustursel 024 var áður. Fjarlægðir eru ekki réttar né rétt áttahorf á stakstæða túninu. Útihúsið er 1 km norðvestan við bæ 003 og 40 m NNV við útihús 065. Það er rúma 100 m norðvestan við Systravatn.

Útihúsið er í grasivöxnu heiðlendi með hæðum, hólrimum og lækjarskorningum.

Þar sem útihúsið var er nú aðeins þúst. Hún er 15 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Líklegt er að grjót hafi verið borið úr útihúsinu eða það sléttað að hluta. Þústin er grasivaxin og stórþýfð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

63°47.499N 18°04.567V



Mynd 33 Þústin horft til norðurs

4. Niðurstöður

Eins og áður kom fram voru skráðir 65 minjastaðir á skráningarsvæðinu, sex í landi Merkur SF-115 og 59 í landi Kirkjubæjar SF-116. Minjastaðirnir í landi Merkur eru í nágrenni við tjaldstæðið á Kleifum og íþróttasvæði á Stjórnarsandi sem sýnd eru á aðalskipulagi 2002-2014.

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði og er svo raunin á Kirkjubæjarklaustri. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri og í byggð á svæðinu.

Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex flokka:

Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.

Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærrí þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.


Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróid yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.

Hleðslur standa. Þök hrúnin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +


Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.

Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Skífurit 1 sýnir ástand þeirra minja sem skráðar voru sumarið 2011.




Á skífuritinu má sjá að meira en helmingur minjastaða er horfinn. Það þarf ekki að koma á óvart þegar haft er í huga að um þéttbýli er að ræða og í raun merkilegt að enn hærra hlutfall hafi ekki verið skemmt í framkvæmdum. Í þeim tilvikum þar sem engin ummerki minjastaða sáust var metið hvaða orsakir lágu að baki. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en flestir þeirra virðast hafa horfið við túnasléttun, vegna niðurrifs eða bygginga. Skífurit 2 sýnir nánari flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa á yfirborði.



Hættumat var einnig gert á vettvangi fyrir alla minjastaðina. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í 3. kafla, *engin hætta*, *hætta* og *stórhætta*. Skífurit 3 sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru sumarið 2011. Talsvert stór hluti minjanna taldist í stórhættu, eða 34% skráðra minjastaða. Þessir minjastaðir voru innan þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri og

Því taldir í stórhættu vegna þess mikla umróts sem fylgir alltaf þéttbýli. Samtals voru um 43% skráðra staða taldir í hættu. Þeir eru flestir í nágrenni þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri eða í útjaðri skráningarsvæðisins og því ekki taldir í eins yfirvofandi hættu og minjastaðir innan þéttbýlisins. Tæpur fjórðungur minjastaðanna eða 23% taldist ekki í hættu. Þeir eru flestir í útjaðri skráningarsvæðisins eða fjarri þéttbýlinu.



Við skráningu á minjum í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri voru skráðar minjar af mjög misjöfnum toga. Í töflu 1 hér neðar sjást helstu hlutverk skráðra minjastaða og fjöldi þeirra.

Hlutverk	Fjöldi	Hlutverk	Fjöldi
annað	7	kirkja	1
aftökustaður	1	legstaður	3
áveita	1	leið	10
beitarhús	2	mylla	1
brunnur	1	óþekkt	2
bústaður	3	rétt	2
býli	1	sel	1
fjánhús	5	stekkur	2
fjárskýli	1	traðir	1
fjós	1	túngarður	3
hlaða	1	útihús	10
kálgarður	2	vatnsból	1
		þingstaður	2

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir

verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætánlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Innan skráningarsvæðisins sumarið 2011 voru fjögur bæjarstæði. Þrjú af þeim eru meint bæjarstæði Kirkjubæjarklausturs. Sagnir herma að Kirkjubæjarklaustur hafi upphaflega verið á svæði sem nefnt er Fornugarðar 116:004. Engar fornar heimildir eru þó þekktar um að bæjarstæðið hafi verið á þessum stað og engin ummerki hans fundist á umræddum stað. Elsta staðfesta bæjarstæði Kirkjubæjarklausturs er gamli bærinn 116:001. Þar stóð bærinn í margar aldir og er þar að finna stæðilegan, friðlýstan bæjarhóll og sést þar til mikilla uppsafnaðra mannvistarlaga. Ekkert hefur verið byggt á bæjarhólnum eða honum raskað á annann hátt eftir að eftir að flutt var af honum snemma á 19. öld þannig að ætla má að varðveisla í honum sé mjög góð. Bæjarstæðið frá 19. og 20. öld, 116:003, er vel greinilegt en ekki sést mikið til uppsafnaðra mannvistarlaga þar, enda búseta stutt og núverandi íbúðarhús byggt um 1890.

Um Ytribæ 116:039 er lítið vitað. Samkvæmt örnefnaskrá Kirkjubæjarklausturs er búið að slétta yfir bæjarhólinn og ekkert sést á yfirborði af uppsöfnuðum mannvistarlögum. Staðsetning bæjarins er þekkt en uppsöfnuð mannvistarlög ekki greinileg á yfirboði.

Kirkjur, klaustur og legstaðir

Eins og nafnið gefur til kynna var kirkja 116:002 á Klaustri á fyrri öldum en hún féll úr notkun 1859. Tóft kirkjunnar er varðveitt og ennþá er jarðsett í kirkjugarðinn. Kirkjunnar er fyrst getið í kirknaskrá Páls frá því um 1200³ en örnefnið Kirkjubær kemur fyrir í Landnámu⁴. Kirkjan hefur að öllum líkindum verið á þessum slóðum afar lengi. Því til stuðnings má m.a. nefna að Kirkjubæjarklaustur 116:015 er fast norðaustan við kirkjugarðsvegginn og útihús

³ DI, XII: 5

⁴ ÍF I, 326

verið í Klausturhólum 058 þegar á 11. öld. Í prufuskurðum sem gerðir voru innan kirkjugarðsins árið 2006, komu í ljós veggir sem tilheyrðu klaustrinu⁵ og greinilegt að það náði að kirkjunni og yfir mun stærra svæði en rannsakað hefur verið. Klaustrið er ekki sýnilegt á yfirboði, einungis malarvöllur ber fornleifarannsóknnum fyrri ára merki.

Heimildir eru þekktar um fornmannahaug á Kirkjubæjarklaustri en svokallaður Hildishaugur 116:005 og 023 var innan skráningarsvæðisins. Staðsetning haugsins er týnd og örnefnið færst yfir á klettastrýtu í næsta nágrenni. Samkvæmt munnmælum fundust mannabein og nokkrir gripir þegar haugurinn blés upp snemma á 19.öld og grafið var hólinn⁶.

Minjar innan og nærri heimatúni

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Skráðir voru 25 minjastaðir innan gamla heimatúns Kirkjubæjarklausturs og við eldri bæjarhólinn. Þetta er talsverður fjöldi og er ástæðan að stórum hluta sú að varðveitt eru tvö fróðleg túnakort svæðinu. Danskir landmælingamenn teiknuðu upp marga þéttbýlisstaði og húsaskipan á sveitabæjum á landinu við upphaf 20. aldar. Kort þeirra af túnunum á Kirkjubæjarklaustri var gert árið 1904 og er ómetanleg heimild um búsetu og menningarlandslag á þeim tíma. Árið 1920 var síðan gert túnakort í hreppnum. Þó að einungis 16 ár séu á milli kortanna hafa töluverðar breytingar átt sér stað á þessu skeiði, hús hafa m.a.

⁵ Sagan í sandinum, 10

⁶ Sigurður Vigfússon, 66

fallið úr notkun og önnur komin í staðinn. Einnig nær teikningin frá 1904 yfir stærra svæði og fleiri mannvirki sýnd þar en á túnakorti frá 1920.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk			
SF-116:030		frásögn	brunnur	SF-116:009		heimild túngarður
SF-116:007		tóft	fjánhús	SF-116:048		heimild túngarður
SF-116:008		heimild	fjánhús	SF-116:013	Fjósakinn	heimild Útihús/fjós
SF-116:017		tóft	fjánhús	SF-116:040		heimild útihús
SF-116:065		heimild	fjánhús	SF-116:045		heimild útihús
SF-116:035	Sönghellir	heimild	fjárskýli	SF-116:046		heimild útihús
SF-116:042	Kjarvalsfjós	heimild	fjós	SF-116:050		frásögn útihús
SF-116:044		heimild	hlaða	SF-116:056		heimild útihús
SF-116:012		hleðsla	kálgarður	SF-116:058	Klausturhólar	þúst útihús
SF-116:047		heimild	kálgarður	SF-116:059		hús útihús
SF-116:041		heimild	mylla	SF-116:061		heimild útihús
SF-116:057		frásögn	rétt	SF-116:067		heimild útihús
SF-116:006		heimild	traðir			

Af minjastöðunum 25 í túni sjást aðeins yfirborðs leifar á fimm stöðum. Hús 116: 059 stendur ennþá og var mögulega hesthús. Tóftir fjárhúsa 116:007 og 116:017 eru varðveittar við brekkurætur Klausturheiðar. Í báðum tilvikum eru fjárhúsin sigin og ógreinileg. Leifar gerðis sem byggt var um kálgarð 116:012 sjást enn og í Klausturhólum 116:058 fundust leifar af miklum uppsöfnuðum mannvistarlögum. Könnunarskurður sem Bjarni F. Einarsson tók í umrædd mannvistarlög sýndu að þau tilheyra eldra bæjarstæðinu og að líklegast eru þau leifar útihúss en ekki klaustur 116:015 líkt og áður var talið⁷. Útihús 116:061 og öskuhaugur 116:060 eru einnig við eldra bæjarstæðið og fundust við framkvæmdir á svæðinu.

Önnur skráð útihús tilheyra eflaust yngra bæjarstæðinu en mögulegt er að einhver þeirra standi á grunni eldri útihúsa. Örnefnið Fjósakinn er einnig forvitnilegt, það er fjarri báðum bæjunum sem skráðir voru á Kirkjubæjarklaustri. Á bæjarteikningunni frá 1904 eru sýnd tvö útihús þar, annað þeirra eru fjárhús 116:017 sem fjallað var um hér ofar en um 116:013 er lítið vitað.

Mannvirki í úthögum tengd sauðfjárrækt

Alls voru skráð 9 mannvirki í úthögum á skráningarsvæðinu⁸ og öll tengjast þau sauðfjárrækt. Leifar sex þessara staða sjást á yfirborði.

⁷ Bjarni F. Einarsson, 2006

⁸ Mun fleiri minjastaðir eru á Klausturheiði en þau voru utan skráningarsvæðis.

Fjögur beitarhús voru skráð. Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Beitarhús 116:043 eru sunnan við Systrastapa 116:033. Þar eru þrjár tóftir í hnapp á bökkum Skaftár. Tóftir 16:064 eru vestan Systrastapa. Þar er ein tóft og óljós niðurgröftur. Ekki er ólíklegt að notkun þessara minjastaða tengist enda einungis rúmir 40 m á milli þeirra og varðveisla þeirra áþekk á yfirborði. Beitarhúsin Bjarnatættur 116:021 eru horfnar í skógrækt en vallargarður umhverfis þær er varðveittur að hluta.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SF-116:043		tóftir	beitarhús
SF-116:064		tóft	beitarhús
SF-116:021	Bjarnartættur/Bjarnatættur	garðlag	beitarhús
SF-115:013		hleðsla	rétt/fjárhús
SF-116:024	Klaustursel	heimild	sel
SF-116:025	Stekkjarkholt	örnefni	stekkur
SF-116:034	Stekkatún	örnefni	stekkur
SF-116:063		garðlag	túngarður
SF-115:014		tóft	beitarhús

Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Selstaða er þekkt í Klausturseli 116:024 en ekki er vitað hvenær hún lagðist af. Í Klausturseli voru byggð fjárhús 116:065 og hlaða 116:067 í upphafi 20. aldar og þeim var rutt út árið 1946. Þá voru byggð fjárhús sem ennþá eru uppistandandi⁹. Ekki er vitað hvort að fyrri fjárhúsin voru byggð í tættur selsins og engin ummerki þess sjást þar.

Túngarður 116:063 afmarkar grasivaxin tún austan Systrastapa 116:033 og sést enn vel á kafla. Gönguleiðin upp að Systrastapa liggur meðfram honum á kafla. Í landi Merkur SF-115 voru skráðar tvær minjar í úthögum, annars vegar beitarhús 115:013 og hins vegar tóft 115:014 með óþekkt hlutverk við Merkurklif 115:011. Greinilegar minjar fundust á báðum stöðum.

Samgönguminjar

Alls voru skráðar 10 leiðir sumarið 2011. Í öllum tilvikum var um alfaraleiðir að ræða sem lágu í Skaftártungur, yfir Klausturheiði eða út Síðu.

Upp og yfir Klausturheiði lágu leiðirnar Merkurklif 115:011, „Upp Gjót“ 116:011, Kvennaklif 116:014, Bjarnaklif 116:022, Klausturklif 116:036 og leið 116:038 og sjást

⁹ Lárus á klaustri, 80

nokkrar þeirra vel þar að sögn heimildamanna. Leiðirnar voru aðeins kannaðar í nágrenni þéttbýlisins en þeim ekki fylgt upp á heiðina enda var hún utan úttektarsvæðis.

Samtala	Sérheiti	Tegund
SF-115:011	Merkurklif/Klif	gata
SF-116:011	"að fara upp Gjót"	heimild
SF-116:014	Kvennaklif	gata
SF-116:020	Kaplagarðar	gata
SF-116:022	Bjarnaklif	vegur
SF-116:036	Klausturklif/Yrabæjarklif	heimild
SF-116:038		gata
SF-116:049		heimild
SF-116:051		heimild
SF-116:052		heimild

Leiðir 116:049, 116:051 og 116:052 lágu eftir láglandinu, þvert í gegnum land Kirkjubæjarklausturs og eru sýndar á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904. Þær lágu frá bæ 003 og líklega til nágrennabæjanna. Leiðirnar voru allar skoðaðar innan úttektarsvæðis en þeim ekki fylgt lengra en að mörkum þess.

Aðrar minjar

Hér hefur nú verið fjallað um helstu minjaflokkana á skráningarsvæðinu. Þar er þó að finna fleiri minjastaði og sýnir taflan hér fyrir neðan hlutverk þeirra helstu:

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SF-115:010	Þinghústún/Þingbrekka	örnefni	þingstaður
SF-115:016	Stúkuhús	hleðsla	þingstaður
SF-115:018	Gálgasteinar	heimild	aftökustaður
SF-116:010	Kirkjugólf	þjóðsaga	
SF-116:028	Systravatn	þjóðsaga	
SF-116:031		heimild	vatnsból
SF-116:032		hús	
SF-116:033	Systrastapi	þjóðsaga	legstaður
SF-116:053		sögustaður	
SF-116:054	Kálfagróf/Kálfagrafir	sögustaður	
SF-116:055		renna	áveita
SF-116:060		heimild	

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Ljóst er að enn er talsvert af minjum óskráð í landi Kirkjubæjarklausturs og líklegt að ástand þeirra sé gott enda þær í talsverðri fjarlægð frá þéttbýlinu sem er mesta ógnin við minjastaðina nú. Brýnt er að stefnt verði að því að halda áfram skráningu á Kirkjubæjarklaustri og að gerð verði áætlun um áframhaldandi skráningu í sveitarfélaginu sem fyrst. Slík skráning gæti hæglega hrundið af stað frekari rannsóknum í sveitarfélaginu og orðið hvati að eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar þrátt fyrir mikla uppbyggingu á síðustu árum. Þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri er ekki undanskilið. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Hið sama má segja um erlenda ferðamenn sem margir vilja fá upplýsingar um sögu svæðisins sem og helstu sérkenni. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt. Minjakortið sem gefið var út árið 2005 af Skaftárhreppi er góður grunnur sem hægt væri að byggja á.

Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi. Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir þjóðminjalögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega gott verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

- **Kirkjubær 116:001** er eina friðlýsta fornleifin innan skráningarsvæðisins. Í Friðlýsingaskránni segir: „Kirkjubær. Rústir Kirkjubæjar, þar sem bærinn stóð áður. Sbr. Árb. 1894: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.”¹⁰. Eins og fyrr segir er bæjarhóllinn varðveittur og ekkert rask átt sér stað á honum annað en niðurrif bæjahúsanna. Bæjarhóllinn hefur gríðarlega mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi. Þar sést vel hvernig uppsöfnun mannvistarlaga hefur orðið í gegnum aldirnar og sjálfur bæjarhóllinn er stór og áberandi. Ef minjastaðirnir í næsta nágrenni,

¹⁰ Ágúst Ó. Georgsson, 53

s.s. **klaustur 116:015** og **kirkja 116:002** eru sett í samhengi við bæinn er um gríðarlega sterka og merkilega minjaheild fyrir sögu svæðisins.

- **Kirkjugólf 116:010** er mikið aðdráttarafl fyrir Kirkjubæjarklaustur og fjölmargir ferðamenn sem koma þangað á hverju ári. Sökum þess hefur Kirkjugólf mikið varðveislu- og kynningargildi. Ekkert upplýsingaskilti er við minjastaðinn og er það afar bagalegt. Það er nauðsynlegt að hafa upplýsingar fyrir ferðamenn á staðnum. Saga gólfsins er merkileg, sérstaklega í jarðfræðilegum skilningi. Lengi var talið að staðurinn væri manngerður og að lokum grafið í hann. Sú saga eykur enn á gildi þessara náttúruminja og væri skemmtilegt að miðla til ferðamanna.
- Við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri eru gamlar leiðir sem nýta mætti í ferðaþjónustu og auka þannig afþreyingu fyrir ferðafólk sem og íbúa svæðisins. Kynning á **Bjarnaklifi 116:022**, **Kaplagörðum 116:020**, **Kvennaklifi 116:014** og leiðinni „**Upp í Gjót**“ **116:011** er tilvalin leið til að kynna áhugasömum sögu og menningarminjar svæðisins. Sumar leiðanna eru stikaðar en samt þær eru illgreinilegar og leiðarvísi vantar. Hægt væri að stika leiðirnar að Systravatni og áfram út Klausturheiði. Slíkt myndi bjóða upp á fjölmarga aðra möguleika í kynningu minjastaða og sögu Kirkjubæjarklausturs.
- **Systrastapi 116:003** er eitt af kennileitum svæðisins. Gönguleiðin sem þangað liggur er léleg og í raun bara kindastígur. Nágrenni Systrastapa er fallett og **tóftir 116:043** og **116:064** eru sunnan og vestan hans. Þær tóftir eru sjónrænar og vel varðveittar. Þær mætti merkja og nýta í ferðaþjónustu.

6. Heimildir

2004-2005 Kirkjubæjarklaustur (2005). Landakort. Skaftárhreppur.

Ágúst Ólafur Georgsson (1990). *Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar*. Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson (2006). „Systrastapi: þjóðsagan og veruleikinn“. *Dynskógar 10*. Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, bls. 163-174.

Brynjúlfur Jónsson (1894). „Rannsóknir í Skaptafellspingi 1893“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 16-20.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn*, I-XVI bindi. 1853-1976. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (1983). Reykjavík: Sveinbjörn Rafnsson gaf út.

Helgi Magnússon et. al (1983). *Árbók Ferðafélags Íslands 1983. Vestur-Skaftafellssýsla austan Skaftár og Kúðaflióts*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

IA: *Islandske Annaler indtil 1578* (1888). Christiania: G. Storm

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma* (1968). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XII: *Íslensk fornrit XII. Brennu-Njáls saga* (1954). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM XIII: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1918-1921). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu* (1847). Kaupmannahöfn: J.Johnsen gaf út.

Kjartan Ólafsson (1987). *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga: hundrað ára verslun í Vík í Mýrdal*. Vík: Vestur-Skaftafellssýsla.

KEKH: Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, 2. útg.* Adolf Friðriksson (ritstj.). Reykjavík.

KK: Kristian Kålund (1986). *Íslenzkir sögustaðir IV. Austfirðingafjórðungur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Kristján Mímisson (2002-2005). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ I-IV*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Kristján Mímisson (2010). *Sagan í sandinum. Klaustrið á Kirkjubæ. Fornleifarannsóknirnar á Kirkjubæjarklaustri, 1995-2006*. Kirkjubæjarklaustur: Kirkjubæjarstofa.

Óskar J. Þorláksson (1935). *Árbók Ferðafélags Íslands 1935. Vestur-Skaftafellssýsla*. Ferðafélag Íslands. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

PP: *Prestatal og prófasta á Íslandi* (1950). Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

SB IV: *Sunnlenskar byggðir VI. Skaftárþing* (1985). Björgvin Salómonsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands.

Gísli Sigurðsson (2002). *Seiður lands og sagna: sunnan jökla*. I.bindi. Reykjavík: Mál og Mynd.

Sigurður Vigfússon (1892). „Rannsóknir sögustaða sem gerðar voru 1885 um Rangárþingi og í Skaftafellssþingi vestanverðu“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 63-75.

Sigurjón P. Ísaksson og Þorgeir S. Helgason (1999). „Kirkjubær og klaustur -umhverfi og mannvistarleifar“. *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellssþingi*. Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, bls. 187-202.

SSSkraft: *Skaftafellssýsla. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873* (1997). Reykjavík: Sögufélag.

SturlIR: *Sturlunga saga* I-II. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstjórar). Reykjavík: Sturlunguútgáfan.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri Jóns Árnasonar (1954). Óskar Pétursson (ritstjóri). Reykjavík: Ísafold.

Þórarinn Helgason (1957). *Lárus á Klaustri: ævi hans og störf*. Reykjavík: Skaftfellingafélagið.

Þórgunnur Snædal (2003). „Rúnaristur á Íslandi“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2000-2001*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 5-68.

Óútgefnar heimildir:

Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1904. Landmælingar Íslands.

Túnakort 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Kirkjubæjarklaustur: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Kirkjubæjarklaustur Athugasemdir og viðbætur: Júlíus Lárusson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Neðrimörk: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Heimildamenn:

Elín Frigg Helgadóttir, einn eigenda Kirkjubæjarklausturs I.

Fanney Ólöf Lárusdóttir, ábúandi á Kirkjubæjarklaustri II.

Júlíus Oddsson, ábúandi á Mörk.


Lárus Siggeirsson, ábúandi á Kirkjubæ II.

7. Hnitaskrá í ISN93

Samtala	Longitude	Latitude
115010	546331.54	366781.09
115011	546207.48	366684.05
115013	546363.49	366757.81
115014	546436.27	366746.77
115016	546420.49	366787.79
115018	546225.03	366714.62
116001	546748.49	365470.26
116002	546774.33	365444.62
116003	546434.89	365063.96
116004	546839.42	366076.96
116005	547110.03	365946.19
116006	546369.41	365029.24
116007	546499.78	365248.96
116008	546129	364714
116009	546705.3	365459.22
116010	547018.51	366039.48
116011	546330.36	365111.1
116012	546413.59	365042.06
116013	546685.38	365729.43
116014	546521.28	365574.6
116015	546777.29	365476.38
116017	546689.91	365734.56
116020	546838.63	366227.65
116021A	546671.57	366416.4
116022	546632.32	366350.92
116022B	546562.5	366321.33
116023	546868.02	366247.76
116024	545621.29	365657.44
116025	545082.65	364778.76
116028	546241.01	365234.76
116031	545660.94	364202.24
116032	546424.44	365111.1
116033	545418.73	363862.2
116034	545742.2	364281.33

116035	546181.25	365029.05
116036	545672.58	364254.9
116038	546743.17	365552.51
116039	545780.46	364339.51
116040	546523.25	365180.52
116041	546349.09	365138.51
116042	546407.28	365063.37
116043	545390.33	363803.82
116044	546397.61	365064.15
116045	546189.92	364676.39
116046	546426.21	365065.54
116047	546544.55	364944.43
116048	546382.43	364990.39
116049	546298.99	364971.45
116050	546379.27	365078.16
116051	546885.77	365588.6
116052	546769.99	365533.57
116054	546490.51	366495.89
116055	546719.89	366523.3
116056	546331	365144
116057	546121.29	364585.27
116058	546752.44	365554.28
116059	546354.22	365090.78
116060	546858.55	365499.65
116061	546717.92	365476.77
116063A	545717.94	364255.29
116063B	545680.47	364254.31
116063C	545430.96	364017.03
116064	545364.89	363837.35
116065	545568.04	365587.22
116065C	545611.43	365691.76
116066	545457.59	363965.36
116067	545547.92	365624.3

8. Minjakort



Fornleifar í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri - vesturhluti



SF-116:067
SF-116:065
SF-116:065C
SF-116:024

SF-116:025

(vesturhluti)

SF-116:028

SF-116:035

SF-116:041
SF-116:011
SF-116:059

SF-116:050
SF-116:049
SF-116:044
SF-116:006
SF-116:048
SF-116:042
SF-116:046
SF-116:003
SF-116:012

SF-116:063C
SF-116:036
SF-116:063B3
SF-116:039
SF-116:031
SF-116:063A
SF-116:034

SF-116:064
SF-116:033
SF-116:043

SF-116:057
SF-116:045

SF-116:047

mkv.
1:5000

Loftmyndir ehf. ©
Loftmynd tekin 1998.
Landnot ehf. ©
SB-115: úrvinnsla málögagna og kortagerð

Fornleifar í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri - austurhluti



(vesturhluti)

SF-115:018
SF-115:011
SF-115:010
SF-115:013
SF-115:016
SF-115:014

SF-116:054

SF-116:022B
SF-116:021A
SF-116:022

SF-116:055

SF-116:020
SF-116:023

SF-116:004

SF-116:014

SF-116:013 SF-116:017

SF-116:010

SF-116:028

SF-116:041

SF-116:007

SF-116:009

SF-116:061

SF-116:001

SF-116:015

SF-116:002

SF-116:060

SF-116:051

SF-116:032

SF-116:042

SF-116:046

SF-116:003

SF-116:040

SF-116:047

SF-116:038

SF-116:058

SF-116:052

SF-116:005